

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2016/EES/14/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 404/14/COL frá 8. október 2014 um hvatakerfi fyrir fjárfestingar á Íslandi	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/14/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7849 – MOL/ENI Hungaria/ENI Slovenija)	35
2016/EES/14/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7873 – Worldline/Equens/PaySquare)	36
2016/EES/14/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7874 – Warburg Pincus/General Atlantic/Unicredit/Pioneer US) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	37
2016/EES/14/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7925 – Newell Rubbermaid/Jarden) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	38
2016/EES/14/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7937 – Computer Science Corporation/Xchanging) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	39
2016/EES/14/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7952 – Bridgepoint Group/Smyk Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	40
2016/EES/14/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7967 – Apax Partners/Neuberger Berman/Engineering) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	41

2016/EES/14/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7745 – Fortum/Lietuvos Energija/JV)	42
2016/EES/14/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7898 – Arauco/Sonae Industria/Tafisa)	42
2016/EES/14/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7914 – KKR & Co/Webhelp SAS)	43
2016/EES/14/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7916 – Macquarie Capital/Ivanhoe/Logos Australia/Logos China)	43
2016/EES/14/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7922 – Nordic Capital/Greendeli Investment Holding)	44
2016/EES/14/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7938 – Catterton/L Companies)	44
2016/EES/14/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7945 – UTC/Riello Group)	45
2016/EES/14/16	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer SA.34402 (2015/C) (áður 2012/NN) – Ríkisfjármögnun hugbúnaðarlausna fyrir háskóla (HIS) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	45
2016/EES/14/17	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2016 – Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)	46
2016/EES/14/18	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun um styrkveitingar á sviði samevrópskra fjarskiptaneta samkvæmt sjóðnum fyrir stamtengda Evrópu fyrir árin 2014 til 2020 (<i>Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016) 1225</i>)	46
2016/EES/14/19	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar er varðar 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda sem kerfisbindur tilskipun 98/27/EB, að því er varðar stofnanir sem hafa heimild til að sækja mál samkvæmt 2. gr. tilskipunar þessarar	47
2016/EES/14/20	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (<i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggi Sambandsins</i>)	47

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/14/01

nr. 404/14/COL

frá 8. október 2014

um hvatakerfi fyrir fjárfestingar á Íslandi

(Ísland)

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum ákvæða 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 5. mgr. 7. gr. og 14. gr. II. hluta,

eftir að hafa hvatt hagsmunaaðila til að leggja fram athugasemdir í samræmi við þessi ákvæði ⁽¹⁾ og með vísan til athugasemda þeirra,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Atburðir í tímaröð

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 13. október 2010 hvatakerfi fyrir fjárfestingar („kerfið“) sem stjórnvöld á Íslandi tilkynntu samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA var veitt með ákvörðun nr. 390/10/COL ⁽²⁾.
- 2) Kerfið gerir ráð fyrir að heimilt sé að veita aðstoð í formi beinna styrkja með skattundanþágum og með sölu og leigu lands undir markaðsvirði til félaga í öllum atvinnugreinum, að fjármálastarfsemi undanskilinni. Þessa styrki átti að veita í tengslum við nýfjárfestingar á svæðum sem eru hlutgeng fyrir byggðaaðstoð (svonefnd „c-svæði“) á Íslandi.
- 3) Gildistími kerfisins rann út 31. desember 2013.
- 4) Lagagrundvöllur kerfisins, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti, eru:
 - a. lög nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi („lög nr. 99/2010“), sem Alþingi samþykkti 29. júní 2010 og sem öðluðust gildi 3. júlí 2010, með skilyrðum um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, og
 - b. reglugerð nr. 985/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, sem iðnaðarráðuneytið gaf út 25. nóvember 2010 („reglugerð um ívilnanir“), sem svarar til draga að reglugerð sem var lögð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA 27. september 2010. Reglugerðin um ívilnanir er afleidd löggjöf og byggir á lögum nr. 99/2010.

⁽¹⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 30.4.2013 um að hefja formlega rannsókn á hvatakerfi fyrir fjárfestingar og tilteknum fjárfestingarsamningi (Stjtið. ESB C 237, 15.8.2013, bls. 4, og EES-viðbætur nr. 45, 15.8.2013, bls. 1).

⁽²⁾ Hægt að nálgast á: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid/390-10-COL.pdf>.

- 5) Iðnaðarráðuneytið gaf út nýja reglugerð 30. desember 2010, reglugerð nr. 1150/2010 („viðbótarreglugerðin“) um breytingu á reglugerðinni um ívilnanir. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 hefði átt að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um viðbótarreglugerðina. Hins vegar barst stofnuninni engin tilkynning þar að lútandi.
- 6) Á árunum 2010 til 2013 gerði íslenska ríkið nokkra samninga sem það taldi að féllu undir kerfið og sem ættu því að geta átt rétt á aðstoð samkvæmt því. Þeir eru sem hér segir ⁽³⁾:
- Hinn 30. desember 2010 gerði iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fjárfestingarsamning við Becromal Iceland ehf. og Becromal Properties ehf. (nú Krossaneseignir ehf.) (hér á eftir sameiginlega nefnd „Becromal“), Stokkur Energy ehf. og Becromal S.p.A. („fjárfestingarsamningurinn við Becromal“).
 - Hinn 30. desember 2010 gerði iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fjárfestingarsamning við Thorsil ehf., Timminco Ltd. og Stokk Energy ehf. („fjárfestingarsamningurinn við Thorsil“).
 - Hinn 17. febrúar 2011 gerði ráðherra iðnaðar-, viðskipta- og ferðamála, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fjárfestingarsamning við Íslenska Kísilfélagið ehf., Tomahawk Development á Íslandi ehf. og GSM Enterprises LLC („fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið“).
 - Hinn 22. september 2011 gerði ráðherra iðnaðar-, viðskipta- og ferðamála, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fjárfestingarsamning við Verne Real Estate II ehf. og Verne Holdings Ltd. („fjárfestingarsamningurinn við Verne“).
 - Hinn 7. maí 2012 gerði ráðherra iðnaðar-, viðskipta- og ferðamála, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fjárfestingarsamning við GMR Endurvinnsluna ehf. („fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnslan“).
 - Hinn 28. janúar 2013 gerði iðnaðarráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, fjárfestingarsamning við Marmeti ehf. („fjárfestingarsamningurinn við Marmeti“).

2. Málsmeðferð

- 7) Í kjölfar viðræðna áður en að tilkynningu kom og samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 tilkynntu stjórnvöld á Íslandi Eftirlitsstofnun EFTA, 13. desember 2012, um fjölda fyrirhugaðra breytinga („tilkynntar breytingar“) á lögum nr. 99/2010.
- 8) Við frumathugun á tilkynntum breytingum tók Eftirlitsstofnun EFTA eftir breytingum sem höfðu verið gerðar á reglugerðinni um ívilnanir án þess að tilkynnt hefði verið um þær. Nánari skoðun benti enn fremur til þess að margir þættir fjárfestingarsamninganna, sem gerðir voru á árunum 2010 til 2013, að því er virtist á grundvelli kerfisins, samrýmdust ef til vill ekki lögum Evrópska efnahagssvæðisins.
- 9) Með ákvörðun nr. 177/13/COL frá 30. apríl 2013 hóf Eftirlitsstofnun EFTA formlega rannsókn á kerfinu og fjárfestingarsamningunum („ákvörðunin um að hefja rannsókn“) ⁽⁴⁾. Íslensk stjórnvöld og Becromal lögðu fram athugasemdir sínar við ákvörðunina um að hefja rannsókn ⁽⁵⁾. Eftirlitsstofnun EFTA framsendi íslensku stjórnvöldum með bréfi dagsettu 10. október 2013 athugasemdirnar sem Becromal lagði fram og gaf þeim kost á að bregðast við þeim. Íslensk stjórnvöld lögðu þó ekki fram neinar frekari athugasemdir.
- 10) Málið var einnig rætt á fundi stofnunarinnar með fulltrúum Becromal sem haldinn var í Brussel 29. apríl 2014.

3. Lýsing á ráðstöfununum

3.1 Aðdragandi

- 11) Kerfinu var ætlað að stuðla að nýfjárfestingum og þar með skapa störf á illa settum svæðum á Íslandi.

⁽³⁾ Hægt er að nálgast fjárfestingarsamningana á opnu svæði, samkvæmt 4. mgr. 21. gr. laga nr. 99/2010, þar sem þeir eru (frá 4.3.2013) tiltekir á ensku og á íslensku: <http://stjornartidindi.is/AdvertList.aspx?ID=7F3926F3-992D-4211-903D-D4F28F1DC87A&view=2&value=ddc9274e-1111-44ac-9d52-5ffa832684fc>.

⁽⁴⁾ Hægt að nálgast á www.eftasurv.int.

⁽⁵⁾ Sjá hluta 1.5 hér að neðan.

- 12) Þessi ákvörðun varðar þrenns konar ráðstafanir sem íslenska ríkið gerði með tilliti til kerfisins: i) tilkynntar breytingar, ii) breytingar sem ekki var tilkynnt um og iii) fjárfestingarsamninga. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að ráðstafanirnar samrýmdust framkvæmd EES-samningsins og að aðstoð sem veitt var á grundvelli fjárfestingarsamninganna hefði verið veitt innan ramma kerfisins eins og það var samþykkt.

3.2 Breytingar á kerfinu sem tilkynntar voru

- 13) Hinn 30. nóvember 2012 lagði íslenska ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á fyrirliggjandi aðstoðarkerfi. Hinn 13. desember 2012 lögðu Íslensk stjórnvöld fram fyrir Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningu um þær breytingar sem lagðar voru til að yrðu gerðar. Alþingi samþykkti 13. mars 2013 frumvarpið sem lög nr. 25/2013 á þeim grundvelli að þau öðluðust því aðeins gildi að fyrir lægi samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA á breytingunum. Tilkynntar breytingar, eins og þeim er nánar lýst í ákvörðuninni um að hefja rannsókn ⁽⁶⁾ felast í:
- afnámi beinna styrkja,
 - lækkun á tekjuskattshlutfalli félaga í 18%,
 - niðurfellingu stimpilgjalda,
 - því að skatthlutfall fasteignaskatts vegna nýrra fjárfestingarverkefni verði 50% lægra,
 - því að almennt tryggingagjaldi vegna nýrra fjárfestinga verði 50% lægra.
- 14) Þessar breytingar öðluðust ekki gildi áður en gildistími kerfisins rann út.

3.3 Breytingar á kerfinu sem ekki voru tilkynntar

- 15) Íslensk stjórnvöld innleiddu viðbótarreglugerðina stuttu eftir að Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti kerfið.
- 16) Viðbótarreglugerðin breytir fjölda ákvæða í reglugerðinni um ívilnanir þar sem sett eru fram skilyrði fyrir veitingu aðstoðar samkvæmt lögum nr. 99/2010.
- 17) Í fyrsta lagi hefur viðbótarreglugerðin áhrif á beitingu hvatningaráhrifa samkvæmt kerfinu eins og sett er fram í 3. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir, með því að bæta vísun í „sérst[aka] fjárfestingarsamning[a]“ fyrir gildistöku laga nr. 99/2010 ⁽⁷⁾. Eins og fram kemur í ákvörðuninni um að hefja rannsókn komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að þessi breyting hefði gert kleift að veita aðstoð til verkefna sem hafist hefði verið handa við áður en kerfið öðlaðist gildi.
- 18) Í öðru lagi breytti viðbótarreglugerðin 8. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir með því að vísa til gildandi hámark tekjuskatts félaga „[...] samkvæmt sérstökum fjárfestingarsamningi fyrir gildistöku laganna“ ⁽⁸⁾. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðuninni um að hefja rannsókn að þessi breyting virtist einnig gera kleift að beita kerfinu afturvirkrt með því að nota skatthlutfall félaga sem var í gildi áður en kerfið var tekið upp.

⁽⁶⁾ Sjá 14. til 15. mgr.

⁽⁷⁾ Texti viðbótarreglugerðarinnar er undirstrikaður:

„3. gr. - Skilyrði fyrir veitingu ívilnana:

Við mat á því hvort veita eigi ívilnun vegna nýfjárfestingar samkvæmt lögum nr. 99/2010 skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt: [...]

c. að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki hafði áður en undirritaður er samningur um ívilnun skv. 20. gr. eða samkvæmt sérstökum fjárfestingarsamningi fyrir gildistöku laganna og að sýnt sé fram á að veiting ívilnunar sé forsenda þess að fjárfestingarverkefnið verði að veruleika hér á landi.”

⁽⁸⁾ Texti viðbótarreglugerðarinnar er undirstrikaður:

„8. gr. - Ívilnanir tengdar sköttum og opinberum gjöldum.

Bygðaaðstoð getur samkvæmt lögum nr. 99/2010 verið í formi frávik frá sköttum eða opinberum gjöldum vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Félag sem stofnað er um nýfjárfestingu og uppfyllir öll skilyrði laga nr. 99/2010, og reglugerðar þessarar, fyrir veitingu ívilnunar skal njóta eftirfarandi skattalegra ívilnana:

1. Tekjuskattshlutfall viðkomandi félags skal, í þann tíma sem kveðið er á um í 3. mgr., aldrei vera hærra en það tekjuskattshlutfall sem í gildi er þegar samningur skv. 20. gr. er gerður við félagið eða samkvæmt sérstökum fjárfestingarsamningi fyrir gildistöku laganna.“

- 19) Í þriðja lagi breytir viðbótarreglugerðin 20. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir. Þessi breyting hefur áhrif á dagsetningu sem miðað er við þegar hámarksgildistími vegna undanþágna frá skatti samkvæmt kerfinu er fundinn út ⁽⁹⁾. Eins og Eftirlitsstofnun EFTA benti á í ákvörðuninni um að hefja rannsókn virðist þetta gera ráð fyrir hámarksgildistíma undanþágna frá skatti sem hefði hafist frá undirritun samnings, þ.e. áður en kerfið öðlaðist gildi 2010.

3.4 Fjárfestingarsamningarnir

- 20) Íslensk stjórnvöld létu Eftirlitsstofnun EFTA í té afrit af sex fjárfestingarsamningum sem taldir eru upp hér að neðan:

Tafla 1

	Dagsetning	Samningur	Verkefni
1	30. desember 2010	Fjárfestingarsamningur við Becromal	Álþynnuverksmiðja á Akureyri
2	30. desember 2010	Fjárfestingarsamningur við Thorsil	Kísilmálmframleiðsla í Þorlákshöfn í sveitarfélaginu Ólfusi
3	17. febrúar 2011	Fjárfestingarsamningur við Kísilfélagið	Kísilmálmframleiðsla í Helguvík í sveitarfélaginu Reykjanesbæ
4	27. september 2011	Fjárfestingarsamningur við Verne	Gagnaver í sveitarfélaginu Reykjanesbæ
5	7. maí 2012	Fjárfestingarsamningur við GMR Endurvinnsluna	Stálendurvinnslustöð á Grundartanga í sveitarfélaginu Hvalfjarðarsveit
6	28. janúar 2013	Fjárfestingarsamningur við Marmeti	Fiskvinnsla í Sandgerði

4. Ástæður fyrir því að stofnað var til formlegrar rannsóknar

- 21) Að því er varðar tilkynntar ráðstafanir sem settar eru fram í lögum nr. 25/2013 komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðuninni um að hefja rannsókn að hinar tilkynntu breytingar á kerfinu skyldu flokkast sem ný aðstoð eins og skilgreint er í c-lið 1. mgr. II. hluta bókunar 3. Enn fremur væri ekki hægt að flokka þessar breytingar sem aðgreinanlegar frá upprunalega kerfinu. Því tók Eftirlitsstofnun EFTA þá afstöðu að líta bæri á allt kerfið sem nýja aðstoð sem þyrfti nýtt samþykki áður en það kæmi til framkvæmdar ⁽¹⁰⁾.
- 22) Viðvíkjandi breytingarnar sem ekki var tilkynnt um og sem öðluðust gildi með viðbótarreglugerðinni komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að þær hefðu haft óhagstæð áhrif með tilliti til skilyrðisins um hvatningaráhrif, sem sett var fram í upphaflega kerfinu, með því að útvíkka gildissvið kerfisins umfram það sem samþykkt var með ákvörðun stofnunarinnar nr. 390/10/COL. Einkum virtist sem viðbótarreglugerðin heimilaði veitingu aðstoðar til verkefna sem hafist hefði verið handa við áður en kerfið öðlaðist gildi.
- 23) Eftirlitsstofnun EFTA komst því að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að breytingarnar á kerfinu, sem ekki var tilkynnt um, hefðu haft áhrif á mat stofnunarinnar á kerfinu þegar hún samþykkti það í upphafi. Einkum myndu breytingarnar breyta mati stofnunarinnar á hvatningaráhrifunum sem skipti mestu máli þegar metið var hvort byggðaaðstoðin samrýmdist staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þar af leiðandi komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að kerfið í heild sinni, eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni fæli í sér nýja aðstoð samkvæmt 1. gr. II. hluta bókunar 3 ⁽¹¹⁾.

⁽⁹⁾ Texti viðbótarreglugerðarinnar er undirstrikaður:

„20. gr. - Samningur um veitingu ívilunar.

Fallist umsekjandi á boð iðnaðarráðherra um ívilnun skal gerður samningur milli umsekjanda og iðnaðarráðherra, fyrir hönd stjórnvalda og, eftir atvikum, sveitarfélaga um veitingu ívilunar vegna viðkomandi fjárfestingarverkefnis.

Samningur um veitingu ívilunar skv. 1. mgr. skal að hámarki gilda í 13 ár frá undirritun hans, að teknu tilliti til sérstaks fjárfestingarsamnings ef slíkur samningur hefur áður verið gerður um verkefnið. Ívilnun sem veitt er á grundvelli 9. gr. laga nr. 99/2010 skal gilda í 10 ár frá því að viðkomandi skattskylda eða gjaldskylda sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2010 myndast, þó aldrei lengur en í 13 ár frá undirritun samnings um veitingu ívilunar, að teknu tilliti til sérstaks fjárfestingarsamnings ef slíkur samningur hefur áður verið gerður um verkefnið. Í samningi samkvæmt grein þessari skal koma fram áætlun um samtals fjárhæð veittrar ríkisaðstoðar, núvirt, á gildistíma samningsins. Samningur um veitingu ívilunar, sem iðnaðarráðherra undirritar samkvæmt lögum nr. 99/2010, skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.“

⁽¹⁰⁾ Sjá 42. til 46. mgr.

⁽¹¹⁾ Sjá 50 mgr.

- 24) Til þess að meta hvort hvatningaráhrifum hefði verið beitt skoðaði Eftirlitsstofnun EFTA það í ákvörðun sinni um að hefja rannsókn hvernig kerfið hefði verið notað frá því það öðlaðist gildi árið 2010 ⁽¹²⁾. Í þessu skyni létu íslensk stjórnvöld stofnuninni í té ítarlegar upplýsingar um fjárfestingarsamningana sem þau gerðu, að mati íslenskra stjórnvalda, á grundvelli kerfisins.
- 25) Eftir að hafa skoðað fjárfestingarsamningana lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir sínar um hvort beiting kerfisins samrýmdist kerfinu eins og það hafði verið samþykkt. Einkum hafði hún efasemdir um hvort ákvæði kerfisins og fyrirkomulag væru nægilega skýr til þess að tryggja að aðstoðin væri nægilega takmörkuð og hlutfallsleg svo tryggt væri að hún uppfyllti markmið um byggðaaðstoð, og að hún fæli ekki í sér einhvers konar rekstraraðstoð ⁽¹³⁾.
- 26) Enn fremur taldi Eftirlitsstofnunin vafa leika á að viðbótarreglugerðin samrýmdist lögum Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hún heimilaði afturvirka beitingu á kerfinu hvað varðaði tekjuskatthlutfall félaga, sem og hámarksgildistíma skattundanhagna sem næðu til samninga sem gerðir voru áður en kerfið öðlaðist gildi ⁽¹⁴⁾.
- 27) Eftirlitsstofnun EFTA lét því í ljós efasemdir um hvort kerfið, eins og því var beitt og eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni og lögum nr. 25/2013, gæti eða gæti ekki talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins ⁽¹⁵⁾.
- 28) Að lokum taldi Eftirlitsstofnun EFTA vafa leika á því hvort aðstoð samkvæmt þessum samningum hefði verið veitt eða ekki innan ramma kerfisins og hvort slík aðstoð gæti eða gæti ekki talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins ⁽¹⁶⁾.

5. Athugasemdir sem bárust Eftirlitsstofnun EFTA

- 29) Með bréfi dagsettu 8. júlí 2013 lögðu íslensk stjórnvöld fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja rannsókn. Íslensk stjórnvöld lögðu einnig fram afrit af:
- a) fjárfestingarsamningi milli íslenska ríkisins og Becromal, dagsettum 7. júlí 2009,
 - b) fjárfestingarsamningi milli íslenska ríkisins og Kísilfélagsins, dagsettum 29. maí 2009,
 - c) fjárfestingarsamningi milli íslenska ríkisins og Verne, dagsettum 29. maí 2009,
 - d) nýjum úrklippum, dagsettum 4. maí 2012, frá Ríkisútvarpinu um stöðu verkefnis Kísilfélagsins.
- 30) Hinn 3. október 2013 bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir frá Becromal. Becromal lagði einnig fram bréf frá þeim iðnaðarráðherra sem þá gegndi embætti, frá 24. maí 2007 til 10. maí 2009, afrit af tölvupóstsamskiptum við embættismenn iðnaðarráðuneytisins og viðskiptaáætlun frá 2007. Þá var, að beiðni Becromal, haldinn fundur í Brussel 29. apríl 2014 til að ræða málið og bráðabirgðaniðurstöður Eftirlitsstofnunar EFTA.
- 31) Engar athugasemdir bárust Eftirlitsstofnun EFTA um aðra áætlaða styrkþega (þ.e. Verne, Marmeti, Íslenska Kísilfélagið, Endurvinnsluna og Thorsil).

5.1 Athugasemdir frá íslenskum stjórnvöldum

- 32) Íslensk stjórnvöld hafa lagt fram athugasemdir um viðbótarreglugerðina og einstaka fjárfestingarsamninga.
- 33) Íslensk stjórnvöld hafa látið í ljós vonbrigði sín með að enginn fjárfestingarsamninganna hafi falið í sér tilvísun til hreins núvirðis veittrar aðstoðar og eingöngu tveir af sex fjárfestingarsamningunum (fjárfestingarsamningurinn við Becromal og fjárfestingarsamningurinn við Verne Investment) vísuðu til fjárfestingarkostnaðar við hvort verkefnið um sig eins og gerð er krafa um í kerfinu eins og það var samþykkt. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þess að breyta samningunum á tilhlýðilegan hátt og fella inn viðeigandi upplýsingar.

⁽¹²⁾ Sjá hluta 4.2.1.

⁽¹³⁾ Sjá 59. til 70. mgr.

⁽¹⁴⁾ Sjá 72. til 83. mgr.

⁽¹⁵⁾ Sjá 85. mgr.

⁽¹⁶⁾ Sjá 160. til 163. mgr.

- 34) Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld lýst því yfir að þau virtu bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA um að tiltekin ákvæði í fjárfestingarsamningunum við Kísilfélagið, Thorsil og GMR Endurvinnsluna, þar sem kveðið er á um frekari ívilnanir en í lögum nr. 99/2010 og um mögulega framlengingu á gildistíma aðstoðarinnar umfram upphafleg tíu eða 13 ár, væru ekki í samræmi við kerfið eins og það var samþykkt. Íslensk stjórnvöld hafa því skuldbundið sig til þess að breyta fjárfestingarsamningunum sem um ræðir og fella brott þessi ákvæði (sjá 5. kafla í II. hluta hér að neðan).

5.1.1 Viðbótarreglugerðin

- 35) Að því er varðar mat Eftirlitsstofnunar EFTA sem fram kemur í ákvörðuninni um að hefja rannsókn á breytingum á kerfinu, sem ekki var tilkynnt um, og sem öðluðust gildi með viðbótarreglugerðinni, þá hafa íslensk stjórnvöld gert nokkrar athugasemdir við það og lagt fram.
- 36) Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að tilvísunin í „sérstakan fjárfestingarsamning“ (bætt við 3., 8. og 20. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir með viðbótarreglugerðinni) varðaði eingöngu undirbúning á fjárfestingarverkefni, sem alla jafnan hefði þurft að uppfylla skilyrðið um hvatningaráhrif í reglugerðinni um ívilnanir eins og henni var breytt með viðbótarreglugerðinni.
- 37) Eftirlitsstofnun EFTA lýsti því yfir í ákvörðun sinni um að hefja rannsókn að Becromal, Kísilfélagið og Verne virtust hafa látið undirrita samninga áður en kerfið öðlaðist gildi.
- 38) Í þessu tilliti hafa íslensk stjórnvöld fullýrt að breytingarnar sem gerðar voru á kerfinu með viðbótarreglugerðinni vörðuðu aðeins einn sérstakan fjárfestingarsamning: samning sem gerður var við Becromal áður en fjárfestingarsamningurinn við Becromal var gerður 30. desember 2010. Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að breytingarnar hefðu engan annan tilgang eða áhrif en að greiða fyrir Becromal-verkefninu. Enn fremur hafa þau lýst því yfir að enginn annar sérstakur fjárfestingarsamningur hefði verið undirritaður, eða yrði undirritaður, með tilliti til breytinganna sem innleiddar voru með viðbótarreglugerðinni.
- 39) Íslensk stjórnvöld hafa í samræmi við það haldið því fram að viðbótarreglugerðin hefði engin áhrif á samninginn við Kísilfélagið. Þau hafa lýsti því yfir að viðkomandi ákvæði í fjárfestingarsamningnum við Kísilfélagið væru ólík ákvæðunum í fjárfestingarsamningnum milli Íslands og Kísilfélagsins frá 29. maí 2009, sem vörðuðu undanþágur frá reglum um gjaldeyrismál. Í samræmi við það hafa íslensk stjórnvöld tekið þá afstöðu að fyrri samningur geti ekki talist vera „sérstakur fjárfestingarsamningur“ í skilningi viðbótarreglugerðarinnar. Íslensk stjórnvöld hafa í þessu tilliti bætt því við að á þeim tíma þegar hann var undirritaður hefði ekki enn verið hafist handa við verkefnið sem fjárfestingarsamningnum við Kísilfélagið var ætlað að styðja.
- 40) Á sama hátt hafa íslensk stjórnvöld haldið því fram að viðbótarreglugerðin hafi ekki haft nein áhrif á fjárfestingarsamninginn við Verne á þeim grundvelli að ekki væri til neinn fjárfestingarsamningur við Verne sem hefði verið undirritaður áður. Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum voru drög að fjárfestingarsamningi merkt með upphafsstöfum (en ekki undirrituð) 23. október 2009. Því hafa íslensk stjórnvöld fullýrt að það hefði ekki verið til neinn áður undirritaður fjárfestingarsamningur við Verne sem gæti talist vera „sérstakur fjárfestingarsamningur“ í skilningi viðbótarreglugerðarinnar.

5.1.2 Fjárfestingarsamningarnir

- 41) Í ákvörðun sinni um að hefja rannsókn taldi Eftirlitsstofnun EFTA að vafi léki á að fjárfestingarsamningarnir við Verne og Becromal hefðu uppfyllt kröfur kerfisins þar eð svo virtist að hafist hefði verið handa við bæði verkefni áður en kerfið tók gildi árið 2010. Þá taldi stofnunin vafa leika á því að nauðsynleg viðmið um hvatningaráhrif hefðu verið uppfyllt að því er varðaði fjárfestingarsamninginn við Kísilfélagið. Hins vegar tiltók Eftirlitsstofnun EFTA einnig að hún hefði ekki á þeim tíma haft nægilegar upplýsingar um stöðu þess verkefnis.
- 42) Í svari sínu lýstu íslensk stjórnvöld því yfir að:
- byggingarframkvæmdir í tengslum við Becromal-verkefnið hafi hafist í kjölfarið á fjárfestingarsamningnum sem gerður var 29. maí 2009 áður en fjárfestingarsamningurinn var gerður við Becromal (hinn 30. desember 2010),

- verkefnið í tengslum við Kísilfélagið hafi ekki verið hafið á þeim tíma þegar íslensk stjórnvöld sendu Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir sínar. Samningurinn sem var undirritaður 29. maí 2009 varðaði undanþágu frá gjaldeyriskörkunum og hefðu engin áhrif á beitingu hvatningaráhrifa,
 - einnig væru engin tengsl milli fjárfestingarsamningsins við Verne frá 27. september 2011 og samningsdraganna frá 23. október 2009, sem voru tilkynnt til stofnunarinnar en síðar afturkölluð.
- 43) Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld haldið því fram að allir fjárfestingarsamningarnir, að undanskildum fjárfestingarsamningum við Becromal, féllu undir gildissvið kerfisins, eins og það var samþykkt (en ekki eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni), að því er varðaði ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir (um aðstoð í tengslum við skatta og önnur gjöld). Í þessu tilliti hafa þau haldið því fram að breytingarnar sem voru innleiddar með viðbótarreglugerðinni og heimila notkun skatthlutfalls félaga sem var í gildi áður en kerfið kom til framkvæmda, hafi eingöngu verið samþykktar vegna sérstaks fjárfestingarsamnings við Becromal.
- 44) Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum eru öll verkefni háð mati nefndarinnar um ívilnanir sem fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu skipa. Nefndin metur hvort hvert og eitt verkefni uppfyllir viðmiðin um aðstoðarhæfi sem mælt er fyrir um í lögum nr. 99/2010 og reglugerðinni um ívilnanir. Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum gerði Fjárfestingarstofa enn fremur kostnaðar- og ábatagreiningu fyrir hvert verkefni áður en sérhver samningur var gerður ⁽¹⁷⁾.
- 45) Íslensk stjórnvöld héldu því fram að þótt ekki sé á skýran hátt vísað í fjárfestingarkostnað hvers viðkomandi verkefnis og að tilgreiningu á heildaraðstoðarhlutföllum eða hámarki aðstoðar í fjárfestingarsamningunum við Kísilfélagið, Thorsil, GMR Endurvinnsluna og Marmeti, þá falli þeir engu að síður undir strangar kröfur um eftirlit sem tryggja að ívilnanirnar sem kveðið er á um í samningunum séu notaðar eins og vera ber. Samningarnir kveða einnig á um að: Komi í ljós að ívilnun skv. samningi þessum er komin umfram þær heimildir sem fram koma í lögum nr. 99/2010, eða samningi þessum skal endurkrefja félagið um þann hlut sem umfram er og stöðva veitingu frekari ívilunar ⁽¹⁸⁾. Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum hefði aðstoð sem veitt var á grundvelli þessara samninga aldrei getað farið umfram það sem heimilt var samkvæmt kerfinu.
- 46) Að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Becromal telja íslensk stjórnvöld að Becromal hefði ekki tekið neinar bindandi ákvarðanir um viðkomandi fjárfestingu áður en kerfið öðlaðist gildi. Þá hefur Becromal ekki enn tekið neina ákvörðun um fjárfestingu á [...]. Ef Becromal ætti að ákveða að halda áfram með fjárfestingu sína á [...], á grundvelli óháðs mats og sérstakrar ákvörðunar af hálfu félagsins álíta íslensk stjórnvöld að þessi fjárfesting gæti átt rétt á aðstoð samkvæmt kerfinu, enda væri öllum nauðsynlegum skilyrðum fullnægt.
- 47) Að svo miklu leyti sem það varðar fjárfestingarsamninginn við Verne hafa íslensk stjórnvöld talið að Verne hefði hvata til að færa verkefnið sem þar um getur undir kerfið, að teknu tilliti til ákvörðunar þess að falla frá upphaflegu verkefni um gagnaver og stöðva allar framkvæmdir á svæðinu vegna fjármálakreppunnar.
- 48) Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld fært fram þau rök að fjárfestingarsamningurinn við Verne varði nýtt verkefni, ótengdu upphaflega verkefninu (sem varð algerlega úrelt frá desember 2009). Þau staðhæfa að þessi ný samningur feli í sér ólík samningsatriði sem eru:
- a) aðrir samningsaðilar,
 - b) nýtt eigið fé hafi verið flutt til nýju stofnunarinnar sem komið var á fót til að njóta hagræðis af kerfinu,
 - c) hugsanleg fjárfesting er minni,

⁽¹⁷⁾ Fjárfestingarstofan er ríkisstofnun sem veitir erlendum fjárfestum upplýsingar um fjárfestingarkostnað á Íslandi og viðskiptaumhverfi. Fjárfestingarstofan safnar einnig gögnum um viðskiptaumhverfi á Íslandi, skipuleggur kynnisferðir fyrir mögulega fjárfesta og fundi með þeim, þrýstir á bætt skilyrði fyrir erlenda fjárfesta og hefur áhrif á löggjafarvaldið. Fjárfestingarstofa var stofnsett með lögum um að efla ímynd Íslands nr. 38/2010. Frekari upplýsingar fást á Netinu undir: <http://www.invest.is/>.

⁽¹⁸⁾ Sjá 5. mgr. 22. gr. í fjárfestingarsamningnum við Kísilfélagið, 5. mgr. 21. gr. í fjárfestingarsamningnum við Thorsil, 5. mgr. 22. gr. í fjárfestingarsamningnum við GMR Endurvinnsluna, og 5. gr. 20. gr. í fjárfestingarsamningnum við Marmeti.

- d) hann varðar nýbyggingar húsnæðis fyrir gagnaver og stoðveitur,
 - e) samningsaðilar eru ekki undanþegnir lögboðnum skuldbindingum á borð við takmarkanir á eftirliti með fjármagni, iðnaðargjöldum o.s.frv., og
 - f) hann kveður á um viðbótarskuldbindingar hvað varðar framsal hlutabréfa.
- 49) Íslensk stjórnvöld hafa einnig haldið því fram að fjárfestingarsamningurinn við Verne frá 27. september 2011 hafi þrengra gildissvið en samningurinn frá 2009 að því er varðar það hagræði af ríkisaðstoð sem þar er kveðið á um. Til dæmis er tekjuskattur sem greiða skal fastsettur við 20%, en ekki 15% eins og í samningnum frá 2009. Enn fremur er gildistíminn 13 ár (en ekki 20) og eftirlitsheimildir íslenskra stjórnvalda eru útvíkkaðar.
- 50) Því hafa íslensk stjórnvöld komist að niðurstöðu um að fjárfestingarsamningurinn við Verne sé í fullu samræmi við skilmála kerfisins.

5.1.3 Tilkynntar breytingar

- 51) Að því er varðar tilkynntar breytingar á kerfinu í kjölfar samþykktar á lögum nr. 25/2013 eru íslensk stjórnvöld þeirrar skoðunar að þær teldust ekki hluti af kerfinu fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hefði veitt samþykki sitt fyrir þeim. Hins vegar þar sem stofnunin veitti ekki samþykki sitt áður en gildistími kerfisins í heild rann út, þá öðluðust þær ekki gildi.

5.1.4 Ráðstafanir sem lagðar eru til

- 52) Að því er varðar viðbótarreglugerðina hafa íslensk stjórnvöld látið í ljós vilja sinn til þess að afturkalla hana og ógilda með gildistöku án tafar.
- 53) Íslensk stjórnvöld hafa lagt til eftirfarandi:
- a. Tölurnar í útreikningunum í kostnaðar- og ábatagreiningunni, sem Fjárfestingarstofan gerði, verða felldar inn í fjárfestingarsamningana, og einnig inn í alla samninga sem gerðir verða í framtíðinni.
 - b. Fjárfestingarsamningum og jafnframt öllum framtíðarsamningum verður breytt þannig að vísað verður til heildarhámarks aðstoðarhæfs kostnaðar.
 - c. Ákvæðin í fjárfestingarsamningunum við Kísilfélagið, Verne, GMR Endurvinnsluna og Marmeti um að fjárfestar hafi „[e]f breytingar eru gerðar á lögum nr. 99/2010, sem félagið telur að kveði á um ívilnanir umfram þær sem þegar er gert ráð fyrir í lögnum“, rétt til að breyta fjárfestingarsamningum sínum og veita félaginu „nýjar ívilnanir, sem skulu ganga í gildi frá undirritunardegi hins breytta samnings“ verða felld brott.
 - d. Ákvæðið, sem felld er inn í fjárfestingarsamningana við Becromal og Thorsil sem gerir ráð fyrir möguleika á framlengingu aðstoðartímabilsins umfram hámarksgildistímamann sem kveðið er á um í kerfinu, verður felld brott.

5.2 Athugasemdir Becromal

- 54) Becromal hefur haldið því fram að fjárfestingarsamningur félagsins hafi verið í samræmi við meginreglurnar um byggðaaðstoð samkvæmt staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem og ákvæði leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna⁽¹⁹⁾. Enn fremur hefur það staðhæft að fjárfestingarívilnanirnar til Becromal séu í samræmi við ívilnanirnar sem kveðið er á um í kerfinu.
- 55) Einkum hefur Becromal lýst því yfir að aðstoðarráðstafanirnar hafi jákvæð áhrif: aukinn hagvöxt, sköpun starfa (beinna eða óbeinna starfa), aukna þörf fyrir þjálfun til að öðlast sérstaka færni og klasamyndunaráhrif.
- 56) Becromal hefur einnig talið að ríkisaðstoð væri nauðsynlegt tæki til að koma á stöðugu efnahagsumhverfi á Íslandi og ýta undir erlendar fjárfestingar.

⁽¹⁹⁾ Hægt að nálgast á: <http://www.eftasur.int/media/state-aid-guidelines/Part-III----Criteria-for-an-In-depth-Assessment-of-Regional-Aid-to-Large-Investment-Projects.pdf>.

- 57) Að því er varðar hugmyndina um hvatningaráhrif er Becromal ósammála tilvísun Eftirlitsstofnunar EFTA í Kronoply-dómsins í ákvörðuninni um að hefja rannsókn, en stofnunin hélt því fram að hún gæti grundvallað mat sitt á hvatningaráhrifum með því að vísa til einstakra atriða í tímaröð⁽²⁰⁾. Becromal heldur því fram að þetta mál varði túlkun á fyrri leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 1998 og frá þeim tíma hafi athugun á málum um ríkisaðstoð breyst með upptöku nákvæmari efnahagslegri greiningar⁽²¹⁾. Því ætti stofnunin, þegar hún metur hvatningaráhrif aðstoðar, einnig að meta hvort aðstoðin sé af efnahagslegum toga (þ.e. hvort hún stuðlar að því að breyta hegðun fyrirtækisins sem nýtur aðstoðar⁽²²⁾).
- 58) Enn fremur staðhæfir Becromal að kaup á landi og/eða smíði verksmiðju feli ekki endilega í sér að hafist sé handa við fjárfestingarákvörðun þar sem auðvelt sé að selja slíka fjárfestingu hvenær sem er. Þess í stað ætti pöntun á búnaði sem væri sérhannaður fyrir tiltekna gerð að iðjuveri að teljast vera „upphaf verkframkvæmda“ í skilningi leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 1998. Samkvæmt Becromal hófust verkframkvæmdir við verksmiðjuna árið 2008 eftir að íslensk stjórnvöld höfðu gert formlegt tilboð um að gera fjárfestingarsamning. Að mati Becromal var sérhæfður búnaður ekki pantaður fyrir en 2009 þegar samningaviðræður um fyrirframfjárfestingarsamning höfðu þegar hafist.
- 59) Enn fremur hefur u.þ.b. 76 milljón evra fjárfesting á fyrsta áfanga Becromal-verkefnisins þegar átt sér stað⁽²³⁾ [...].
- 60) Becromal hefur einnig lagt fram bréf, dagsett 20. september 2013, frá fyrirverandi iðnaðarráðherra þar sem hann staðfestir að ríkisstjórnin hafi samþykkt að gera fjárfestingarsamning við félagið árið 2007 og að vinna við gerð hans hafi hafist árið 2008. Meðan unnið var að drögum að fjárfestingarsamningnum var ákveðið, sem bráðabirgðaráðstöfun þar til fullgerður samningur lægi fyrir, að undirrita styttri útgáfu af fjárfestingarsamningnum við Becromal þar sem kveðið var á um undanþágur frá eiginfjárefirliti.
- 61) Samkvæmt Becromal var beiðni þess um að ganga frá endanlegum fjárfestingarsamningi árið 2009 hafnað. Að mati félagsins neituðu íslensk stjórnvöld að gera fjárfestingarsamning við félagið fyrir en hvatakerfi fyrir fjárfestingar væri komið á fót. Enn fremur var, samkvæmt Becromal, bráðabirgðasamningur undirritaður árið 2009 til þess að veita Becromal undanþágu frá eiginfjárefirliti. Fullgerður fjárfestingarsamningur var ekki undirritaður fyrir en 2010 í kjölfar þróunar á hvatakerfi fyrir fjárfestingar og efnahagskreppunnar.
- 62) Enn fremur hefur Becromal staðhæft að fullur ávinningur ívilnana samkvæmt samningnum hefði ekki enn komið fram. Samkvæmt þeim upplýsingum sem voru veittar hafi engin þjálfunaraðstoð fram til þessa verið veitt af hálfu íslenskra stjórnvalda en aðstoð sem móttekin hefði verið hingað til samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Becromal væri í evrum talið:

20% lækkun á almennu tryggingagjaldi	[...] evrur
undanþága frá vörugjaldi	[...] evrur
lækkun á stimpilgjaldi	[...] evrur
samtals	[...] evrur

- 63) Becromal hefur enn fremur haldið því fram að aðstoðarráðstafanirnar hefðu engin áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem markaður fyrir forskautsþynnur sem eru notaðar í álrafvökvaþetta sé á heimsvísu og stærstu keppinautarnir séu félög frá [...].

⁽²⁰⁾ Mál T-162/06 *Kronoply*, dómasafn 2009, bls. II-1, 101. mgr.

⁽²¹⁾ Sameinuð mál C-630/11 P to 633/11 P *HGA Srl* ECLI:EU:C:2013:387.

⁽²²⁾ Eins og fram kemur í greinargerð Becromal: „*Kaup á landi og/eða smíði verksmiðju markar ekki endilega upphaf ákvörðunar um fjárfestingu. Slíka fjárfestingu má auðveldlega selja á tilteknum tímum. Það að panta búnað sem er sérstaklega ætlaður sérstakri verksmiðju gerð felur þó í sér að hafist hafi verið handa við verkið*“ (bls. 10).

⁽²³⁾ Að því er varðar nánari lýsingu á Becromal-verkefninu sjá 4. kafla í II. hluta hér að neðan.

II. MAT

1. Umfang matsins

- 64) Með hliðsjón af upplýsingunum sem Eftirlitsstofnun EFTA bárust á meðan formlegri rannsókn stóð telur stofnunin rétt að takmarka umfang matsins.

1.1 Lok gildistíma kerfisins

- 65) Kerfið, eins og það var samþykkt með ákvörðun nr. 390/10/COL, féll úr gildi 31. desember 2013.
- 66) Tilkyntar breytingar á kerfinu (sem settar eru fram í lögum nr. 25/2013) öðluðust ekki gildi, þar eð Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti þær ekki, áður en gildistími sjálfs kerfisins rann út. Þar af leiðir að ekkert félaganna, sem þegar höfðu undirritað fjárfestingarsamningana við íslensk stjórnvöld, hafi haft ávinning af breytingunum sem tilkynt var um.
- 67) Það að kerfið hafi fallið úr gildi þýðir að engir frekari fjárfestingarsamningar verða gerðir á grundvelli þess.
- 68) Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að ekki sé lengur þörf á formlegri rannsókn á kerfinu sem hafin var samkvæmt 1. gr. ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn. Í samræmi við það lauk stofnunin rannsókninni á sjálfu kerfinu en þó ekki breytingunum sem voru gerðar á því með viðbótarreglugerðinni.
- 69) Að því er varðar breytingarnar sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni (varðandi beitingu hvatningaráhrifa samkvæmt kerfinu, gildandi hámarksfyrirtækjaskatt, og dagsetninguna sem miðað er við til að finna út hámarksgildistíma skattundanþágna sem heimilaðar eru samkvæmt kerfinu) mun Eftirlitsstofnun EFTA meta i) hvort þessar breytingar fela í sér ríkisaðstoð og ef svo er ii) hvers eðlis fyrirliggjandi aðstoð er í þessum ráðstöfunum.

1.2 Fjárfestingarsamningurinn við Marmeti

- 70) Fjárfestingarsamningurinn við Marmeti varðar uppsetningu og rekstur fiskvinnslu í Sandgerði. Starfsemi Marmeti tók til söltunar og þurrkunar á fiski og öðrum sjárvarafurðum. Marmeti var stofnsett árið 2012 og hóf rekstur í febrúar 2013. Félagið var í rekstri í átta mánuði en 18. febrúar 2014 var Marmeti úrskurðað gjaldþrota.
- 71) Til að beita ákvæðum um ríkisaðstoð í 61. til 63. gr. EES-samningsins verður aðstoðin að vera veitt fyrirtækjum sem hafa með höndum framleiðslu á vörum sem falla undir ákvæði EES-samningsins um framleiðsluvörur. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins hljóða svo:
- „Ef ekki er annað tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:
- framleiðsluvara sem falla undir 25.-97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;
 - framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“
- 72) Ákvæði 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins takmarkar því efnislegt gildissvið á beitingu EES-samningsins við framangreindar framleiðsluvörur nema annað sé tilgreint í EES-samningnum. Fiskur og aðrar sjávarafurðir, að svo miklu leyti sem þau falla ekki undir 25-97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni eða sem tilgreindar eru í bókun 3 falla utan almens gildissviðs EES-samningsins. Þrátt fyrir að 4. gr. bókunar 9 við EES-samninginn kveði á um að hverskonar aðstoð „[...] sem veitt er af ríkisfjármunum til sjávarútvegs og raskar samkeppni skal afnumin“, eru valdheimildir til að meta ríkisaðstoð í sjávarútvegi áfram hjá þeim samningsaðilunum að EEA-samningnum ⁽²⁴⁾.

⁽²⁴⁾ Að því er varðar frekari greiningu á gildissviði EES-samningsins um framleiðsluvörur og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 176/05/COL um meinta ríkisaðstoð við fiskvinnslufyrirtæki sem hægt er að nálgast á Netinu á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=10276&l=1>.

73) Eftirlitsstofnun EFTA skilur það sem svo að vörur sem Marmeti framleiddi hafi fallið undir kafla 03, 05, 15, 16 og 23 í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni og féllu því utan þess sviðs EES-samningsins sem varðar framleiðsluvörur. Því hefur stofnunin ekki valdheimild til að meta mögulega aðstoð sem veitt var samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Marmeti.

74) Í ljósi framansagðs lokar Eftirlitsstofnun EFTA rannsókn sinni á fjárfestingarsamningnum við Marmeti.

1.3 Niðurstaða

75) Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að framan mun Eftirlitsstofnun EFTA takmarka mat sitt við breytingarnar á kerfinu sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni og áhrifin sem þessar breytingar höfðu á fjárfestingarsamningana sem voru undirritaðir við Becromal, Kísilfélagið, Verne, Thorsil og GMR Endurvinnsluna („fjárfestingarsamningarnir fimm“).

2. Er um ríkisaðstoð að ræða?

2.1 Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

76) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

77) Í því sem hér fer á eftir mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort viðmiðunum um tilvist ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sé fullnægt að því er varðar i) kerfið eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni og ii) fjárfestingarsamningana fimm.

2.2 Er um ríkisaðstoð að ræða?

78) Til þess að ávinningur geti talist fela í sér ríkisaðstoð verður að mega rekja hann til aðgerða ríkisins eða notkun ríkisfjármuna. Með tilliti til reglna um ríkisaðstoð vísar hugtakið „ríki“ einnig til opinberra stofnana héraðs- og sveitarstjórna ⁽²⁵⁾. Afsal á skatttekjum jafngildir því að gengið sé á ríkisfjármuni með útgjaldaaukningu. Þar að auki getur stuðningur ríkisins ekki síður átt rót sína að rekja til skattareglna, sem ákveðnar eru með lögum, reglugerð eða stjórnsýsluákvörðun, en til athafna skattýfirvalda ⁽²⁶⁾. Ef skattstofn er lækkaður eða skattgreiðslur, gjöld eða skattálögur, felldar niður til fulls eða að hluta, lækkar það tekjur ríkisins og jafngildir því að gengið sé á ríkisfjármuni með útgjaldaaukningu.

2.2.1 Kerfið eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni

79) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 390/10/COL að kerfið fæli í sér tilflutning ríkisfjármuna. Breytingarnar sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni breytir ekki þeirri niðurstöðu.

2.2.2 Fjárfestingarsamningarnir fimm

80) Einkum fólu fjárfestingarsamningarnir fimm í sér eftirfarandi undanþágur frá sköttum og gjöldum:

- a. Hámark tekjuskatthlutfalls félagsins sem fjárfesti í viðkomandi verkefni var fastsett við það hlutfall sem var í gildi á þeim tíma sem félagið og iðnaðarráðuneytið undirrituðu samninginn.
- b. Undanþágur voru veittar frá fyrningarreglum:
 - i. fyrning eigna skyldi vera þannig að ekki stæði eftir hrakvirði, í stað lögbundinna 10% tekjuskatts sem kveðið er á um í lögum nr. 90/2003, og
 - ii. aðstoðarþegi gæti á því ári sem eignir eru teknar í notkun valið að fyrna þær eignir með hlutfalli árlegrar fyrningar í stað heils árs fyrningar eins og gerð er krafa um í 34. gr. laga nr. 90/2003.

- c. Undanþágur skyldu veittar frá iðnaðargjöldum sem kveðið er á um í lögum nr. 134/1992 og markaðsgjöldum sem kveðið er á um í lögum nr. 160/2002.
 - d. Stimpilgjald af skjölum sem vörðuðu fjárfestinguna skyldi vera 0,15% í stað lögboðna stimpilgjaldsins sem kveðið er á um í lögum 36/1978.
 - e. Undanþágur skyldu veittar frá ákvæðum 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996.
 - f. Skatthlutfall fasteignaskatts skyldi vera 30% lægra en hámarkshlutfallið sem kveðið er á um í II. kafla laga nr. 4/1995.
 - g. Almenn tryggingagjald skyldi vera 20% lægra en það sem kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990.
 - h. Undanþágur skyldu veittar frá tollalögum skv. lögum nr. 88/2005 og vörugjöldum skv. lögum nr. 97/1987.
- 81) Enn fremur er í formálsorðum samningsins við Kísilfélagið vísað í samning sem sveitarfélagið Reykjanesbær og hafnarsjóður hafa undirritað um leyfi og gjöld vegna verkefnisins, þ.m.t um meginreglur varðandi fasteignaskatt og lóðarleigu ⁽²⁵⁾. Leiga á lóðum eða húseignum undir markaðsverði felur í sér tekjutap og er því tilfærsla á ríkisfjármunum.
- 82) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að um ríkisfjármuni sé enn fremur að ræða hvað varðar fjárfestingarsamningana fimm.

2.3 *Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað*

2.3.1 *Kerfið eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni*

- 83) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 390/10/COL að kerfið væri sértækt á þann hátt að eingöngu fyrirtæki sem stunduðu fjárfestingar í tilteknum héruðum á Íslandi, sem nytu styrkja á grundvelli staflidar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, gætu fengið aðstoð samkvæmt því. Einnig komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að kerfið gerði styrkþegum kleift að losna undan hluta þess kostnaðar sem þeir alla jafnan yrðu að standa undir sjálfir í rekstri sínum þessi kostnaður tók til greiðslu á gildandi tekjuskattshlutfalli félaga hverju sinni, almennum fasteignaskatti og almennt gildandi almannatryggingagjaldi.
- 84) Eftirlitsstofnun EFTA fellst á þau rök íslenskra stjórnvalda að breytingarnar á kerfinu, sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni, framlengi ávinninginn sem Becromal fékk samkvæmt kerfinu. Breytingarnar sem voru gerðar með viðbótarreglugerðinni fela því í sér sértæka ráðstöfun þar sem þær varða eitt tiltekið fyrirtæki.
- 85) Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er því sú að viðbótarreglugerðin ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2.3.2 *Fjárfestingarsamningarnir fimm*

- 86) Að sama skapi eru þeir sem hafa ávinning af fjárfestingarsamningunum fimm sérstök félag og því eru ráðstafanirnar sértækar.
- 87) Skilgreining á aðstoð er víðtækari en skilgreining á styrk þar sem hún tekur ekki aðeins til jákvæðs ávinnings, eins og sjálfrá styrkjanna, heldur einnig til ríkisráðstafana, sem í ýmsum myndum lækka útgjöld, sem að jafnaði eru felld inn í fjárhagsáætlanir fyrirtækja og sem eru því svipaðar styrkjum og hafa sömu áhrif þótt þær séu ekki styrkir í orðsins fyllstu merkingu ⁽²⁶⁾. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd telst ráðstöfun vera aðstoð frá ríkinu eða veitt af ríkisfjármunum ef stjórnvöld veita tilteknum fyrirtækjum undanþágu frá skatti, sem kemur þeim sem skattundanþágan gildir um í betri fjárhagsstöðu en öðrum skattgreiðendum, enda þótt ráðstöfunin feli ekki í sér tilflutning ríkisfjármuna ⁽²⁷⁾.

⁽²⁵⁾ Sala og leiga á lóðum undir markaðsvirði af hálfu ríkisins var ein af þeim aðstoðarráðstöfunum sem kerfið kvað á um. Sjá hluta I.2.5.2.6 og I.2.5.3 í ákvörðun nr. 390/10/COL.

⁽²⁶⁾ Sjá einkum mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline and Wietersdorfer & Peggauer Zementwerke*, dómásafn 2001, bls. I-8365, 38. mgr.; mál C-501/00 *Spánn* gegn *framkvæmdastjórn*, dómásafn 2004, bls. I-6717, 90. mgr. og mál C-66/02 *Italia* gegn *framkvæmdastjórn*, dómásafn 2005, bls. I-10901, 77. mgr.

⁽²⁷⁾ Sjá í því tilliti mál C-387/92 *Banco Exterior de España*, dómásafn 1994, bls. I-877, 14. mgr. og mál C-222/04 *Cassa di Risparmio di Firenze o. fl.*, dómásafn 2006, bls. I-289, 132. mgr.

88) Fjárfestingarsamningarnir fimm gerðu aðstoðarþegunum kleift að fá aflétt hluta þess kostnaðar sem þeir alla jafna hefðu sjálfir átt að standa undir í rekstrinum, á borð við það að greiða gildandi tekjuskattshlutfall félaga á hverjum tíma, almenn fasteignagjöld og almannatryggingagjald.

89) Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er því sú að fjárfestingarsamningarnir fimm ívilni ákveðnum fyrirtækjum og framleiðslu ákveðinna vara í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2.4 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna

90) Í þeim tilgangi að flokka ráðstöfun á innlendum vettvangi sem ríkisaðstoð er samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd ekki nauðsynlegt að sýna fram á að aðstoðin hafi raunveruleg áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna og að samkeppni raskist í reynd heldur einungis að skoða hvort slík aðstoð sé líkleg til að hafa áhrif á slík viðskipti og raska samkeppni ⁽²⁸⁾.

91) Enn fremur þegar aðstoð sem EFTA-ríki veitir styrkir stöðu fyrirtækis samanborið við önnur fyrirtæki sem eiga í samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu verður að telja að þau síðarnefndu verði fyrir áhrifum af þeirri aðstoð ⁽²⁹⁾.

2.4.1 Kerfið eins og því var breytt með viðbótarreglugerðinni

92) Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 390/10/COL að kerfið styrkti samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á aðstoðarhæfum svæðum samanborið við raunverulega eða mögulega keppinauta á Evrópska efnahagssvæðinu. Breytingarnar sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni breyta ekki þeirri niðurstöðu.

2.4.2 Fjárfestingarsamningarnir fimm

93) Fjárfestingarsamningurinn við Becromal styrkir samkeppnisstöðu Becromal miðað við aðra aðila sem framleiða rafhúðaðar álþynnur fyrir rafvökvapétta. Eins og Becromal hefur staðfest er markaður með álþynnur sem notaðar eru í rafvökvapétta á heimsvísu og meðal keppinauta Becromal eru félög í [...] og [...]. Sú staðreynd að stærstu keppinautar Becromal eru félög frá [...] þýðir því ekki að engin áhrif séu á viðskipti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

94) Fjárfestingarsamningurinn við Verne styrkir samkeppnisstöðu Verne miðað við önnur gagnaver með staðfestu á Íslandi. Enn fremur rekur Verne heildsölugagnaver á alþjóðavísu með þjónustu sem stendur viðskiptavinum á Evrópska efnahagssvæðinu og heimsmarkaði til boða.

95) Fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið styrkir samkeppnisstöðu Kísilfélagsins miðað við aðra aðila sem framleiða kísilmálm og kísilryk. Markaðurinn með kísilmálm og kísilryk er á heimsvísu.

96) Fjárfestingarsamningurinn við Thorsil styrkir samkeppnisstöðu Thorsil miðað við aðra aðila sem framleiða kísilmálm. Eins og fram kemur í innganginum í fjárfestingarsamningnum við Thorsil var verkefninu meðal annars ætlað að mæta vaxandi eftirspurn eftir kísilmálm í Evrópu og Norður-Ameríku.

97) Fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnsluna styrkir stöðu GMR Endurvinnslunnar miðað við aðrar stálendurvinnslustöðvar og stálframleiðendur. Félagið hyggst flytja stærstan hluta framleiðsluvara sinna úr landi til kaupenda í byggingariðnaðinum ⁽³⁰⁾.

98) Þar af leiðandi kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningarnir fimm styrki samkeppnisstöðu styrktu fyrirtækjanna á aðstoðarhæfum svæðum samanborið við raunverulega eða mögulega keppinauta þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.

2.5 Niðurstaða

99) Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér á undan er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að breytingarnar sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni og fjárfestingarsamningarnir fimm feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽²⁸⁾ *Cassa di Risparmio di Firenze*, 140. mgr.

⁽²⁹⁾ Sama og áður er getið 141. mgr.

⁽³⁰⁾ Sjá http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/03/31/ny_verksmidja_opnud_i_byrjun_naesta_ars/.

3. Breytingar í viðbótarreglugerðinni – ný aðstoðarráðstöfun

3.1 Veigamikil breyting á kerfinu

- 100) Í ákvörðun sinni um að hefja rannsókná lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um hvort aðstoð hefði verið veitt, eða ekki, innan ramma gildissviðs kerfisins þar eð samningarnir virtust við fyrstu sýn hafa orðið fyrir áhrifum af breytingunum sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni.
- 101) Samkvæmt staflíð c) í 1. gr. II. hluta bókar 3 ber að líta á „breytingar á yfirstandandi aðstoð“ sem nýja aðstoð. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 195/04/COL um framkvæmdarákvæði, sem um getur í 27. gr. II. hluta bókar 3 („ákvörðunin um framkvæmdarákvæði“), merkir „[...] breyting á yfirstandandi aðstoð hvers konar breytingar aðrar en þær sem eru beinlínis formlegs eða stjórnsýslulegs eðlis og geta ekki haft áhrif á mat á því hvort aðstoðarráðstöfun samrýmist sameignlega markaðinum“. Því hafa breytingar sem ekki varða efnisleg atriði aðstoðarinnar ekki áhrif á það hvernig ráðstöfun skuli flokkuð.
- 102) Breytingarnar sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni heimiluðu að aðstoð yrði veitt til verkefna sem hafist hefði verið handa við áður en aðstoð var veitt, reyndar jafnvel áður en kerfið öðlaðist gildi.
- 103) Breytingarnar, sem gerðar vorum með viðbótarreglugerðinni, breyta grunnatriðum kerfisins. Þá hefur viðmiðið um hvatningaráhrif verið fjarlægt. Þessi krafa var efnislegur hluti af samrýmanleikamati á aðstoðarráðstöfunum sem veittar voru á grundvelli kerfisins eins og það var upphaflega samþykkt (eins og lýst er í ákvörðun nr. 390/10/COL).
- 104) Í samræmi við þetta er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að breytingarnar á kerfinu sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni feli í sér efnislega breytingu á kerfinu eins og það var samþykkt.
- 105) Með tilliti til þess að samkvæmt staflíð c) í II. hluta bókar 3 teljast breytingar á yfirstandandi aðstoð vera ný aðstoð þá vaknar spurning um hvort það sé hin breytta yfirstandandi aðstoð sem flokka skuli sem nýja aðstoð eða eingöngu breytingarnar sem slíkar. Samkvæmt úrskurði dómstólsins á fyrsta dómstigi í Gíbraltar-málinu kemur fram að:
- „[...] Upprunalega kerfið verður ekki að nýju kerfi nema þegar breytingin varðar eiginleg efnisatriði þess. Ekki getur talist að um slíka efnislega breytingu sé að ræða ef nýja atriðið er aðgreinanlegt með skýrum hætti frá upphaflega kerfinu⁽³¹⁾.
- 106) Þar af leiðandi verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta hvort breytingarnar í viðbótarreglugerðinni séu aðgreinanlegar frá upphaflega kerfinu. Ef svo er fela breytingarnar í sér slíka nýja aðstoð og því verður að meta þær með hliðsjón af staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um byggðaaðstoð árin 2007-2013 („reglur um byggðaaðstoð árin 2007-2013“)⁽³²⁾.

3.2 Breytingar sem eru aðgreinanlegar frá kerfinu

- 107) Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er breyting á yfirstandandi aðstoðarkerfi, sem færir það út til nýrra flokka aðstoðarþega, augljóslega aðgreinanleg frá upphaflegu kerfi þar eð notkun yfirstandandi aðstoðarkerfis fyrir nýja flokka aðstoðarþega hefur ekki áhrif á mat á samrýmanleika upphaflega kerfisins⁽³³⁾.
- 108) Breytingin á orðalagi c-liðar 3. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir felur í sér að einnig sé heimilt að veita aðstoð til verkefnis sem hafist er handa við eftir að sérstakur samningur hefur verið gerður og áður en viðbótarreglugerðin öðlast gildi. Þessi breyting útvíkkaði gildissvið kerfisins miðað við það sem samþykkt var með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 390/10/COL á þá vegu að hún heimilaði að aðstoð væri veitt til verkefna sem hafist hefði verið handa við áður en kerfið öðlaðist gildi og sem hefðu því ekki þurft að fullnægja viðmiðinu um hvatningaráhrif sem sett

⁽³¹⁾ Sameinuð mál T-195/01 og T-207/01 *Landsstjórn Gíbraltar gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2002, bls. II-2309, 109. mgr.

⁽³²⁾ Hægt að nálgast á: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

⁽³³⁾ Sjá mál T-189/03 *ASM Brescia gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2009, bls. II-1831, 106. gr. og mál T-151/11 *Telefónica de España og Telefónica Móviles España gegn framkvæmdastjórn* [hefur enn ekki verið birt], 64. gr.

er fram í kerfinu eins og það var samþykkt. Viðbótarreglugerðin opnaði því kerfið fyrir nýjum flokkum aðstoðarþega. Enn fremur telur Eftirlitsstofnun EFTA að breytingarnar sem gerðar vorum með viðbótarreglugerðinni á 8. og 20. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir, þ.e. lækkan á viðmiðunarhlutfalli fyrir tekjuskatt félaga og framlenging á hámarkstíma skattundanhagna hafi eingöngu verið gerðar til hagræðis þessum nýju flokkum aðstoðarþega. Þessir nýju aðstoðarþegar geti því fengið meiri aðstoð en heimilt var samkvæmt kerfinu eins og það var samþykkt. Því eru breytingarnar á kerfinu í grundvallaratriðum innbyrðis tengdar. Þó hafa þessar breytingar ekki áhrif á samrýmanleika einstakra ráðstafana sem þegar féllu undir kerfið eins og það var samþykkt.

- 109) Eftirlitsstofnun EFTA telur því að breytingarnar, sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni, vera breytingu sem með skýrum hætti sé aðgreinanleg frá upphaflega kerfinu. Því er það álit stofnunarinnar að þessar breytingar á kerfinu feli í sér nýja aðstoðarráðstöfun. Af því leiðir enn fremur að hvers konar aðstoð sem veit er á grundvelli viðbótarreglugerðarinnar telst á sama hátt vera ný aðstoð.

3.3 Samrýmanleiki nýju aðstoðarráðstöfunarinnar

- 110) Eftirlitsstofnun EFTA mun því snúa sér að því að meta samrýmanleika breytinganna sem gerðar vorum á kerfinu með viðbótarreglugerðinni.
- 111) Í ákvörðun sinni nr. 390/10/COL um samþykkt á kerfinu staðhæfir Eftirlitsstofnun EFTA að:
- „Kerfið útiloki veitingu aðstoðar til verkefna sem hafist hefur verið handa við áður en samningurinn við íslensk stjórnvöld var gerður, skv. 21. gr. laganna um ívilnanir“⁽³⁴⁾.
- 112) Enn fremur vísaði stofnunin í þeirri ákvörðun til staðhæfinga íslenskra stjórnvalda varðandi hvatningaráhrif kerfisins á eftirfarandi hátt:
- „Enn fremur verður engin aðstoð veitt á grundvelli kerfisins til verkefna sem hafist hefur verið handa við áður en samningur er undirritaður um veitingu aðstoðar milli ríkisins og aðstoðarþega. Íslensk stjórnvöld hafa staðfest að kerfið útiloki veitingu aðstoðar til verkefna sem hafist hefur verið handa við áður en endanlegur texti kerfisins hefur verið birtur í samræmi við 93. gr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð“⁽³⁵⁾.
- 113) Kröfur um að ganga úr skugga um hvatningaráhrif aðstoðar og aðferðin við það, eins og sett er fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007, voru skilyrði fyrir samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA á kerfinu. Hins vegar gerir innfelldur nýr texti viðbótarreglugerðarinnar „eða samkvæmt sérstökum fjárfestingarsamningi fyrir gildistöku laganna“ í 3. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir, kleift að veita aðstoð til verkefna sem hafist hafði verið handa við áður en kerfið öðlaðist gildi.
- 114) Enn fremur breytir breytingin, sem viðbótarreglugerðin gerir á 8. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir, viðmiðunarhlutfallinu að því er varðar tekjuskatt félaga sem aðstoðarþegi getur gengið út frá að sé hámarksskatthlutfall. Samkvæmt breyttri útgáfu á greininni er viðmiðunarhlutfallið, þegar um er að ræða „sérstakan fjárfestingarsamning“, í reynd fyrirtækjaskatthlutfall sem var í gildi á ákveðnum tíma áður en kerfið öðlaðist gildi. Samkvæmt upphaflegri gerð greinarinnar hefði viðmiðunarhlutfallið átt að vera skatthlutfallið á þeim tíma þegar fjárfestingarsamningur var undirritaður samkvæmt kerfinu. Eftirlitsstofnun EFTA telur að viðbótarreglugerðin breyti skilmálum aðstoðar fyrir nýja aðstoðarþega sem felldir eru undir gildissvið breytinganna í viðbótarreglugerðinni.
- 115) Að lokum kveða breytingarnar, sem gerðar eru með viðbótarreglugerðinni á 20. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir, á um hámarksgildistíma skattundanhagna sem eru frá undirritun samnings áður en kerfið öðlaðist gildi 2010. Þessar breytingar breyta á sama hátt skilmálum aðstoðar að því er varðar alla nýja aðstoðarþega sem felldir eru undir gildissvið kerfisins með breytingunum sem settar voru með viðbótarreglugerðinni.
- 116) Eftirlitsstofnun EFTA telur að breytingarnar, sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni, dragi úr kröfunum um hvatningaráhrif, sem settar voru fram í 5. gr. laga 99/2010, eins og þau voru

⁽³⁴⁾ Hluti I.2.13.

⁽³⁵⁾ Hluti II.3.6.

samþykkt af stofnuninni. Enn fremur breyta þessar breytingar kröfum upphaflega kerfisins um hvatningaráhrif að því marki að skilyrðunum um hvatningaráhrif sem lýst er í 30. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð⁽³⁶⁾ er ekki lengur fullnægt.

- 117) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að breytingarnar, sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni á 3., 8. og 20. gr. kerfisins, feli í sér nýja aðstoð sem sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. og leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.
- 118) Af því leiðir að hvers konar aðstoð sem veitt er á grundvelli breytinganna, sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni, telst einnig vera ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. og leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.
- 119) Eftirlitsstofnun EFTA skoðar næst fjárfestingarsamningana fimm hvern fyrir sig.

4. Fjárfestingarsamningurinn við Becromal

4.1 Áhrif viðbótarreglugerðarinnar

- 120) Fjárfestingarsamningurinn við Becromal vísar til álþynnuverksmiðju sem reisa skuli á Akureyri í tveimur áföngum. Fyrsta áfanga átti að ljúka í lok marsmánaðar 2011 og öðrum áfanga átti að ljúka fyrir árslok 2014 og átti heildarfjárfestingarkostnaður að nema u.þ.b. 117,25 milljónum evra⁽³⁷⁾.
- 121) Í D-, H- og I- þætti formálsorða fjárfestingarsamningsins við Becromal er vísað til fyrri fjárfestingarsamninga um sama verkefni sem sömu aðilar gerðu með sér 7. júlí 2009.
- 122) Eins og bent hefur verið á hér að framan hafa íslensk stjórnvöld haldið því fram að viðbótarreglugerðin hafi verið samþykkt í því skyni að útvíkka kerfið þannig að það næði yfir Becromal-verkefnið. Þau töldu að nauðsynlegt væri að heimila Becromal að sækja um ívilnanir samkvæmt kerfinu til þess að íslensk stjórnvöld gætu staðið við samningsskuldbindingar sína gagnvart Becromal.
- 123) Tilvísunum í „sérstakan fjárfestingarsamning fyrir gildistöku laganna“ var því bætt við reglugerðina um ívilnanir með viðbótarreglugerðinni til hagræðis fyrir Becromal. Þar af leiðandi gat Becromal eingöngu hafa fullnægt kröfunni um hvatningaráhrif sem sett var fram í kerfinu í krafti breytinganna sem innleiddar voru með viðbótarreglugerðinni.
- 124) Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar komist að niðurstöðu um að breytingarnar sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni hafi falið í sér nýja aðstoð sem hægt væri að aðgreina frá kerfinu. Af því leiðir að hvers konar aðstoð sem veitt er samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Becromal verður á sama hátt ný aðstoð vegna þess að sá samningur var gerður innan gildissviðs reglugerðarinnar um ívilnanir eingöngu eins og henni var breytt með viðbótarreglugerðinni.
- 125) Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar komist að niðurstöðu um að hvers konar aðstoð sem veitt er á grundvelli breytinganna sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni feli í sér nýja aðstoð sem sé ósamrýmanleg EES-samningnum. Af því leiðir að fjárfestingarsamningurinn við Becromal felur á sama hátt í sér ósamrýmanlega aðstoð vegna þess að hún fullnægir ekki kröfunni um hvatningaráhrif sem sett er fram í kerfinu eins og það var samþykkt og getur því ekki fallið undir gildissvið þess.
- 126) Með heildstæðni í huga og til að fjalla um rökin sem Becromal og íslensk stjórnvöld settu fram hefur Eftirlitsstofnun EFTA einnig metið fjárfestingarsamninginn við Becromal sem sérákveðna ráðstöfun. Í þessu skyni vísar Eftirlitsstofnun EFTA til leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007, einkum kröfur um hvatningaráhrif sem þar er að finna.

⁽³⁶⁾ Í 30. mgr. segir: „Mikilvægt er að sjá til þess að byggðaaðstoð leiði af sér raunveruleg hvatningaráhrif til að ráðast í fjárfestingar sem ekki hefði orðið af að öðrum kosti á svæðunum sem njóta aðstoðarinnar. Því má aðeins veita aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfum ef aðstoðarþeginn hefur sótt um aðstoð og yfirvaldið, sem hefur umsýslu kerfisins með höndum, hefur í kjölfar þess staðfest skriflega að með fyrirvara um ítarlega sannpröfun fullnægi verkefnið í grundvallaratriðum aðstoðarhæfisskilyrðum kerfisins, áður en hafist er handa við verkefnið“.

⁽³⁷⁾ Sjá 93. til 95. mgr. í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

4.2 Hvatningaráhrif

- 127) Eins og greint er frá hér að framan vísar fjárfestingarsamningurinn við Becromal til fyrri samnings frá 7. júlí 2009. Báðir samningar eru hluti af sama verkefni sem Eftirlitsstofnun EFTA telur vera „eitt fjárfestingarverkefni“ í skilningi 49. mgr. og 47. nmgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.
- 128) Samkvæmt 30. mgr. leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007 eru hvatningaráhrif nauðsynleg forsenda samrýmanleika:
- „Mikilvægt er að sjá til þess að byggðaaðstoð leiði af sér raunveruleg hvatningaráhrif til að ráðast í fjárfestingar sem ekki hefði orðið af að öðrum kosti á svæðunum sem njóta aðstoðarinnar. Því má aðeins veita aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfum ef aðstoðarþeginn hefur sótt um aðstoð og yfirvaldið, sem hefur umsýslu kerfisins með höndum, hefur í kjölfar þess staðfest skriflega að með fyrirvara um ítarlega sannprófun fullnægi verkefnið í grundvallaratriðum aðstoðarhæfisskilyrðum kerfisins, áður en hafist er handa við verkefnið. Öll aðstoðarkerfi verða jafnframt að hafa að geyma skýra tilvísun til beggja þessara skilyrða. Þegar um ræðir sérákveðna aðstoð, verður lögbært yfirvald að hafa gefið skriflegt vilyrði fyrir aðstoð, með fyrirvara um að ráðstöfunin hljóti samþykki eftirlitsstofnunarinnar, áður en hafist er handa við verkefnið. Ef verkefninu er hrundið af stökkunum áður en fullnægt hefur verið skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein, er verkefnið í heild ekki aðstoðarhæft.“
- 129) Í samræmi við venjur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA við ákvörðunartöku er hægt að flokka viljayfirlýsingu, í skilningi leiðbeinandi reglnanna um byggðaaðstoð frá 2007 sem „skjal sem líta má svo á að hafi með skýrum hætti veitt [fyrirtækinu] aðstoð vegna fjárfestingarinnar“⁽³⁸⁾. Enn fremur, í samræmi við 30. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007, verður að senda slíka viljayfirlýsingu til Eftirlitsstofnunar EFTA til að fá fyrirframsamþykki áður en aðstoðin er veitt.
- 130) Markmið 30. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 er að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að meta hvort fjárfestingaraðstoð hefur nægilega mikil hvatningaráhrif, án þess að láta fara fram ítarlega greiningu á efnahagsaðstæðum í tengslum við fjárfestingarákvörðun aðstoðarþegans, á þeim tíma þegar hún var tekin⁽³⁹⁾. Ef slík trygging er ekki veitt og hafist er handa við verkið „á verkefnið í heild sinni ekki rétt á aðstoð“, þ.e. verkefnið sem slíkt er ekki aðstoðarhæft. Eins og staðfest var með Kronoply-dómi Almenna dómstólsins getur Eftirlitsstofnun EFTA byggt mat sitt á hvatningaráhrifum með því að vísa til aðstæðna í tímaröð⁽⁴⁰⁾.
- 131) Becromal hefur haldið því fram að matið á ríkisaðstoðarmálum hafi breyst með tilkomu endurbættar efnahagsgreiningar þannig að þegar hvatningaráhrif aðstoðar eru metin verði Eftirlitsstofnun EFTA einnig að meta þau í efnahagslegu tilliti (þ.e. hvort þau breyta háttarni aðstoðarþegans) að teknu tilliti til ákvæða leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna. Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki fallist á þessi rök.
- 132) Becromal vísar til dóms Dómstólsins í HGA-málinu⁽⁴¹⁾ sem rökstuðning: „[...] Dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu í endurskoðun sinni á dómi Fyrsta stigs dómstólsins að við mat á því hvort aðstoðarráðstöfun hefði hvatningaráhrif réði það eitt úrslitum að gengið væri úr skugga um hvort hún hefði breytt háttarni fjárfestis og virti að vettugi allar tilvísanir Fyrsta stigs dómstólsins til Kronoply-málsins⁽⁴²⁾.

⁽³⁸⁾ Mál C 8/2009 *Fri-El Acerra S.r.l.* (Ítalía), 40. mgr. Sbr. einnig lokaákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 15.9.2010 (Sjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 28) og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 418/10/COL um að hefja formlega rannsókn í tengslum við byggðaaðstoð vegna gagnaversins sem Verne hugðist reisa, í hluta II.3.1.

⁽³⁹⁾ Sjá mál T-162/06 *Kronoply*, dómasafn 2009, bls. II-1, 81. mgr.: „Eins og fram kemur í 30. forsendu ákvörðunarinnar er viðmiðuninni, sem sett er fram í lið 4.2 í hinum leiðbeinandi reglum, beitt í þeim tilgangi að ganga úr skugga um hvort hvetjandi áhrif séu fyrir hendi án þess að valda ónaúðsynlegum tölum á fjárfestingunni með því að láta fara fram ítarlega greiningu á efnahagsaðstæðum í tengslum við fjárfestingarákvörðun aðstoðarþegans sem getur reynst mjög erfitt eða tímafrekt. Síðara atriðið útskýrir hversvegna niðurstaðan þess efnis að sótt var um aðstoð áður en hafist var handa við fjárfestingarverkefnið nægir í sjálfu sér, að áliti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, til að hægt sé að ganga út frá því að hvatningaráhrif séu fyrir hendi“.

⁽⁴⁰⁾ Sama og áður er getið í 80. mgr. „Rétt er að vekja athygli á að þetta ákvæði (þriðja undirgrein í lið 4.2. í leiðbeiningunum frá 1998 um landsbundna byggðaaðstoð) varðar aðstæður í tímaröð og vísar því til rannsókna með tilliti til tímamarka sem hentar einkar vel til að ákvarða hvort hvatningaráhrif eru fyrir hendi. Þessi rannsókn skal gerð með vísan til fjárfestingarákvörðunar viðkomandi fyrirtækis, sem markar upphafið á virku ferli sem rekstrarfjárfesting, rétt eins og sú Kronoply höfst handa við, felur óhjákvæmilega í sér“.

⁽⁴¹⁾ Sameinuð mál C-630/11 P til C-633/11 P *HGA srl* gegn framkvæmdastjórn ECLI:EU:C:2013:387.

⁽⁴²⁾ Sjá bréf frá Becromal, dagsett 30.9.2013, bls. 10.

- 133) Hins vegar lítur Becromal fram hjá því að í HGA-dómnum kemst Almenni dómstóllinn að þeirri skýlausu niðurstöðu að „[...] krafan um að hafist hafi verið handa við fjárfestingarverkefni áður en umsókn um aðstoð er lögð fram sé einföld, viðeigandi og hentug viðmiðun sem geri framkvæmdastjórninni kleift að ætla að áformuð aðstoð sé nauðsynleg“ hafi ekki verið vefengd í áfrýjuninni ⁽⁴³⁾.
- 134) Enn fremur úrskurðaði yfirdeild Dómstólsins í Nuova Agricast að: „Sú niðurstaða að aðstoðarráðstöfun sé ekki nauðsynleg getur einkum leitt af þeirri staðreynd að þegar hafi verið hafist handa við styrkta verkefnið, eða því jafnvel lokið, af hálfu viðkomandi fyrirtækis áður en umsókn um aðstoð var send lögbærum stjórnvöldum“. Dómstóllinn komst enn fremur að því að: „í slíku tilviki getur viðkomandi aðstoð ekki virkað sem hvatning“ ⁽⁴⁴⁾. Eftirlitsstofnun EFTA telur því að á þessu stigi sé rétt að hún grundvalli niðurstöðu sína um ósamrýmanleika á mati sem miðar við tímamörk: þ.e. að i) hvatningarviðmiðinu sem sett er fram í leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð frá 2007 var ekki fullnægt og ii) að hafist var handa við verkefnið áður en gengið var frá fjárfestingarsamningnum og aðstoð veitt.
- 135) Eftirlitsstofnun EFTA vísar einnig á bug þeim rökum Becromal að stofnunin verði að skoða verkefnið í ljósi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðanir um ítarlegt mat á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna og beita viðmiðinu um hvatningaráhrif sem þar er lýst. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að hvað ákveðin stór fjárfestingarverkefni varðar er auk viðmiðsins um hvatningaráhrif, sem sett er fram í 30. mgr. leiðbeinandi reglnanna um byggðaaðstoð frá 2007 (sem grundvallast á kröfum um að umsókn hafi verið lögð fram innan ákveðins frests og að samrýmanleikamat hefi verið gert áður en hafist er handa við verk) sett annað viðmið sem er í eðli sínu efnahagslegt (grundvallað á efnahagsgreiningu um að aðstoðin stuðli að því að breyta hegðun aðstoðarþegans, sem kveðið er á um í 57. gr. þeirra og í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðanir um ítarlegt mat á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna.
- 136) Í þessum leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA er gert ráð fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna, þ.e. þeirra sem hafa umtalsverð áhrif á viðskipti og kunna að leiða til verulegrar röskunar á samkeppni ⁽⁴⁵⁾. Greining á hvatningaráhrifum í slíkum tilvikum er lýst í 19. mgr. þessara leiðbeinandi reglna; það „[...]“ fer fram í tvennu lagi: í fyrsta lagi mat sem lýtur að almennri málsmeðferð og í öðru lagi ítarlegra efnahagslegt mat“. Af þessu leiðir, að auk þess að verða að leggja fram umsókn áður en hafist er handa við verkefni, er einnig þörf á ítarlegri efnahagsgreiningu vegna ákveðinna stórra fjárfestingarverkefna.
- 137) Samkvæmt 3. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna og 49. gr. leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007 telst stórt fjárfestingarverkefni vera stofnfjárfesting þar sem aðstoðarhæf útgjöld fara yfir 50 milljónir evrur. Eins og fram hefur komið er talað um 117,25 milljónir evra í fjárfestingarsamningnum við Becromal sem er heildarfjárfestingarkostnaður fyrir báða áfanga verkefnisins. Hins vegar hafa hvorki Becromal né íslensk stjórnvöld lagt fram fyrir Eftirlitsstofnun EFTA neinar upplýsingar um aðstoðarhlutföll eða aðstoðarhæfan kostnað í tengslum við verkefnið. Þau hafa ekki heldur lagt fram neinar upplýsingar að því er varðar skylduna um ítarlega sannpröfun, sem sett er fram í leiðbeinandi reglum um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna og sem vísað er til í a- og b-lið 57. gr. leiðbeinandi reglnanna um byggðaaðstoð frá 2007 (þ.e. aðstoðarþeginn hefur með höndum meira en 25% af sölu af viðkomandi vörum á viðkomandi markaði og framleiðslugetan, sem byggð er upp með verkefninu er meira en 5% af stærð markaðarins fyrir viðkomandi vöru). Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA er ekkert sem bendir til þess að Becromal-verkefnið fari yfir viðmiðunarmörkin sem um getur í 57. gr. leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007.
- 138) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að ítarlega greiningin, sem kveðið er á um í leiðbeinandi reglum hennar um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna, gildi ekki um fjárfestingarsamninginn við Becromal.

⁽⁴³⁾ HGA gegn framkvæmdastjórn, 106.-107. mgr.

⁽⁴⁴⁾ Mál C-390/06 Nuova Agricast, dómasafn 2008, bls. I-2577, 69. mgr.

⁽⁴⁵⁾ Sbr. 6. mgr.

- 139) Með hliðsjón af dómaframkvæmd og orðalagi leiðbeinanda reglna um byggðaaðstoð frá 2007 nægir því að ganga úr skugga um að aðstoðarþegi hafi sótt um aðstoð og yfirvaldið, sem veitir aðstoðina, veitt skriflega staðfestingu, með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA á ráðstöfuninni, áður en hafist er handa við verkefnið.
- 140) Í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 kemur fram að með hugtakinu „hafist handa við“ sé vísað til „upphafs byggingarframkvæmda eða fyrstu staðfestu skuldbindingar um kaup á búnaði, en hagkvæmniathuganir til undirbúnings framkvæmdum eru undanskildar“.
- 141) Eins og íslensk stjórnvöld og Becromal hafa staðfest var hafist handa við byggingarframkvæmdir í tengslum við Becromal-verkefnið árið 2008, það er áður en fyrri samningurinn var undirritaður 7. júlí 2009.
- 142) Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki fallist á þau rök Becromal að einskorða ætti skilgreininguna „hafist handa við“ við pöntun á búnaði sem var sérstaklega hannaður vegna ákveðins verkefnis og að kaup á lóðum og/eða smíði verksmiðju marki ekki endilega að hafist sé handa við fjárfestingarákvörðun þar eð auðvelt sé að selja slíka fjárfestingu á hvaða tíma sem er. Þessi þrönga túlkun er ekki í samræmi við orðalag leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007, því eins og fram kemur hér að ofan er skýrt kveðið á um það í reglunum að „hafist handa við“ vísi til „upphafs byggingarframkvæmda eða fyrstu staðfestu skuldbindingar um kaup á búnaði [...]“. Dómaframkvæmd Almenna dómstólsins styður þessa túlkun en samkvæmt henni nægir jafnvel lítil fjárfesting aðstoðarþega til skapa réttaráhrif og telst því vera fyrsta stig framkvæmda ⁽⁴⁶⁾.
- 143) Enn fremur sýna upplýsingarnar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum að Becromal hafi hafist handa við smíði verksmiðju sinnar snemma árs 2008 ⁽⁴⁷⁾ og ráðningarferlið hafi hafist síðar á því ári ⁽⁴⁸⁾. Árið 2008 gerði Becromal samninga við verktaka í tengslum við nauðsynlegan búnað ⁽⁴⁹⁾.
- 144) Þessar kringumstæður styðja þá skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að byggðaaðstoð hafi ekki verið sá þáttur sem helst hvatti Becromal til að fjárfesta á Akureyri. Þvert á móti hafi Becromal hafist handa við verkefnið án þess að nokkur beiðni um aðstoð hafi verið send íslenskum stjórnvöldum og án þess að íslensk stjórnvöld hafi á nokkurn hátt skuldbundið sig til að veita byggðaaðstoð.
- 145) Enn fremur gerir kerfið sjálf ráð fyrir því að: „[e]ingöngu umsóknir í tengslum við móttækna aðstoð, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum til að meta umsóknina, áður en hafist er handa við fjárfestingarverkefnið verði taldar geta fengið byggðaaðstoð samkvæmt kerfinu“ ⁽⁵⁰⁾. Þar eð verkframkvæmdir höfðu þegar hafist við Becromal-fjárfestingarverkefnið áður en umsókn um aðstoð var lögð frem kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að verkefnið fullnægi ekki hvatningarviðmiðinu og eigi því ekki rétt á að fá byggðaaðstoð samkvæmt kerfinu eins og það var samþykkt.
- 146) Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar upplýsingar sem gera henni kleift að ganga úr skugga um að íslensk stjórnvöld hafi skuldbundið sig til að veita aðstoð til verkefnisins áður en hafist var handa við það. Becromal hefur haldið því fram að það hafi fengið formlega beiðni frá íslenskum stjórnvöldum þar sem fyrirtækinu var boðið að gera fjárfestingarsamning áður en byggingarframkvæmdir hófust á staðnum. Hins vegar hefur hvorki Becromal né íslensk stjórnvöld lagt fram neina sönnun um slíka beiðni fram fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.
- 147) Eins og fram kemur í 141. mgr. gerðu íslensk stjórnvöld fyrst fjárfestingarsamning við Becromal 7. júlí 2009. Þessi samningur veitti Becromal tryggingu fyrir að íslensk stjórnvöld væru skuldbundin til að gera fullfrágenginn samning við fyrirtækið. Þrátt fyrir að Becromal hafi lagt fyrir Eftirlitsstofnun EFTA bréf, dagsett 20. september 2013, frá fyrrverandi iðnaðarráðherra, þar sem hann greinir frá því að ríkisstjórnin hafi samþykkt að gera fjárfestingarsamning við fyrirtækið árið 2007 og að vinna við samninginn hafi hafist árið 2008, þá fylgja þessari yfirlýsingu ekki

⁽⁴⁶⁾ Mál T-551/10 *Fri-El Acerra* gegn *framkvæmdastjórn* ECLI:EU:T:2013:430, 67. mgr.

⁽⁴⁷⁾ Sjá til dæmis: <http://www.loftorka.is/frettiloftorku/nr/74674/> og <http://vikudagur.is/vikudagur/nordlenskar-frettir/2008/01/11/nytt-hus-fyrir-afthynnuverksmiðju-krossanesi>.

⁽⁴⁸⁾ Sjá <http://www.capacent.is/frettir/nr/612>.

⁽⁴⁹⁾ Sjá til dæmis <http://www.rafeyri.is/en/news/167-substation-for-becromal>.

⁽⁵⁰⁾ Ákvörðun 390/10/COL, hluti I.2.13.

nein samtímaskjöl, sem gætu fært sönnur á að sérstakar ívilnanir hafi verið veittar Becromal áður en hafist var handa við verkefnið. Hvað sem öðru líður þá hafði Eftirlitsstofnun EFTA ekki veitt samþykki sitt fyrir ráðstöfuninni áður en hafist var handa við verkefnið.

- 148) Í þessu máli sem hér um ræðir hafa hvorki íslensk stjórnvöld né Becromal sýnt fram á að einhverjar kringumstæður séu fyrir hendi sem (þrátt fyrir að hafist hafi verið handa við verkefnið áður en aðstoð var veitt) geta sýnt fram á að viðmiðinu um hvatningaráhrif hafi eigi að síður verið fullnægt ⁽⁵¹⁾.
- 149) Til samræmis við þetta kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að skilyrðinu um hvatningaráhrif hafi ekki verið fullnægt með tilliti til fjárfestingarsamningsins við Becromal.

4.3 Niðurstaða

- 150) Með vísan til þess sem rakið hefur hér á undan kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að hvers konar aðstoð, sem veitt hefur verið samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Becromal, sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt staflíð c) 3. mgr. 61. gr.

5. Hinir fjárfestingarsamningarnir fjórir – sértækar ráðstafanir

5.1 Fjárfestingarsamningurinn við Verne

5.1.1 Áhrifin af breytingunum í viðbótarreglugerðinni

- 151) Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að breytingarnar á kerfinu sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni hafi engin áhrif á fjárfestingarsamninginn við Verne. Þau byggja þessi rök á þeim grundvelli að fjárfestingarsamningurinn við Verne falli undir gildissvið kerfisins eins og það var samþykkt. Þótt Eftirlitsstofnun EFTA fallist á fyrstu rök íslenskra stjórnvalda hvað þetta varðar geta þau ekki séð að fjárfestingarsamningurinn við Verne fullnægi hvatningarviðmiðinu sem sett er fram í kerfinu eins og það var samþykkt.
- 152) Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn veitti Eftirlitsstofnun EFTA þeirri staðreynd athygli að þrátt fyrir að fjárfestingarsamningurinn við Verne vísi ekki til fyrri samnings þá virðist hann eigi að síður varða sama fjárfestingarverkefni eða sambærilegt og það sem um ræðir í fyrri ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti, þ.e. ákvörðun nr. 418/10/COL ⁽⁵²⁾.
- 153) Hafist var handa við upphaflega fjárfestingarverkefnið 26. febrúar 2008 þegar undirritaður var samningur um kaup á fasteignum þar sem Verne keypti fimm byggingar af íslenska ríkinu í þeim tilgangi að koma á fót gagnaveri sínu. Fjárfestingarsamningur var áritaður 23. október 2009 ⁽⁵³⁾. Verkefninu var síðar frestað en hófst aftur með undirritun fjárfestingarsamningsins við Verne 27. september 2011, svo hann, samkvæmt íslenskum stjórnvöldum félli undir kerfið eins og það var samþykkt.
- 154) Verkefnið, eins og það var upphaflega áformað, var að reisa orkufrekt heildsölugagnaver í Reykjanesbæ. Samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Verne hefur staðsetning verkefnisins ekki breyst. Sömu byggingar skulu notaðar við að ljúka við verkefnið, eins og skýrt kemur fram í formálsorðum bæði fjárfestingarsamningsins frá 2009 og fjárfestingarsamningsins við Verne ⁽⁵⁴⁾. Enn fremur eru helstu aðilar að samningnum (þ.e. Verne Real Estate II ehf. (hér á eftir skammstafað „VRE II“) og Verne Holdings Ltd) þeir sömu. Að auki hafa báðir samningarnir skýrt sameiginlegt markmið: að láta í té nauðsynlega gagnaversþjónustu fyrir hinn alþjóðlega upplýsingatæknimarkað.

⁽⁵¹⁾ Mál T-394/08 *Regione autonoma della Sardegna o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2011, bls. II-6255, 226.

⁽⁵²⁾ Með ákvörðun nr. 418/10/COL frá 3.11.2010 hóf Eftirlitsstofnun EFTA formlega rannsókn á fjárfestingarsamningi sem ríkið og Verne Real Estate ehf. og Verne Holdings Ltd. gerðu með sér 23. október 2009 í tengslum við verkefni um gagnaver í Reykjanesbæ. Tilkyrningin var síðar dregin til baka. Hægt að nálgast á <http://www.eftasurv.int/media/decisions/418-10-COL.pdf>. Sjá einnig 131.-139. mgr. í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

⁽⁵³⁾ Ekki var gengið formlega frá þessum fjárfestingarsamningi og gildistaka hans var háð leyfisveitingu þingsins, samþykki stjórnarmanna í Verne og jákvæðri ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.

⁽⁵⁴⁾ Í formálsorðum beggja samninganna kemur fram að: „*fjárfestarnir og Verne hafi unnið að nauðsynlegri undirbúningsvinnu, sem miðar að uppsetningu gagnaversmiðstöðvar á Íslandi, er samanstendur af fjórum aðskildum byggingum sem hýsa munu rafmagns- og vélbúnað og upplýsingatæknibúnað, svo og öðrum mannvirkjum sem hýsa munu stjórnstöðvar og rafstýribúnað, sem mun fyrst og fremst þjóna alþjóðlegum viðskiptavinum (hér eftir nefnd „gagnaverið“) [...]“.*

- 155) Í ljósi framansagðs getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki fallist á þau rök íslenskra stjórnvalda að verkefnið tvö séu efnislega ólík. Íslensk stjórnvöld hafa ekki látið Eftirlitsstofnun EFTA í té haldgóðar upplýsingar í þessu skyni. Enn fremur getur stofnunin ekki fallist á þá staðhæfingu íslenskra stjórnvalda að fjárfestingarsamningurinn við Verne varði aðeins nýbyggingar húsnæðis fyrir gagnaver og stoðveitur, hann ætti að varða nýtt verkefni.
- 156) Í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 segir: „[...] Til þess að koma í veg fyrir að stóru fjárfestingarverkefni verði skipti í minni gerviverkefni í þeim tilgangi að komast undan ákvæðum þessara leiðbeininga verður litið svo á að stórt fjárfestingarverkefni sé eitt fjárfestingarverkefni ef stofnfjárfestingin á sér stað á þriggja ára tímabili, er í höndum eins fyrirtækis eða fleiri og tekur til fastafjármuna sem mynda ódeilanlega efnahagslega heild ⁽⁵⁵⁾.“
- 157) Enn fremur „[...] til þess að geta metið hvort stofnfjárfesting sé ódeilanleg efnahagsleg heild mun eftirlitsstofnunin taka mið af tæknilegum, starfrænum og rekstrarlegum tengslum auk nálægðar. Mat á því hvort um ódeilanlega efnahagslega heild sé að ræða fer fram óháð eignarhaldi ⁽⁵⁶⁾.“ Eins og áður hefur verið bent á hefur staðsetning og eðli verkefnisins ekki breyst og helstu aðilar eru þeir sömu í samningunum bæði frá 2009 og 2011. Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á þá staðreynd að mögulega séu fjárfestingar nú minni – þar eð í stað áfanganna þriggja sem upphaflega var gert ráð fyrir vegna smíði heildsölugagnavers koma sérstakar byggingar smærri eininga og að Verne, sem þátttakandi í nýrri fjárfestingarstefnu sinni reyndi á virkan hátt að selja sveitarfélaginu aftur byggingarnar í þeim tilgangi að bæta fjárhagsstöðu sína. Hins vegar endurspeglar þetta ekki tæknilegan, starfrænan eða rekstrarlegan mun á upphaflega fjárfestingarverkefninu og verkefninu í fjárfestingarsamningnum við Verne. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum lítur hún svo á að þessi þróun sé fremur stefna eða viðskiptaákvörðun sem á rætur að rekja til þeirrar viðleitni félagsins að koma til móts við viðskiptavinum sína ⁽⁵⁷⁾.
- 158) Að lokum segir í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007: „[...] að til þess að unnt sé að staðfesta að stórt fjárfestingarverkefni sé eitt fjárfestingarverkefni verður matið að vera sama eðlis óháð því hvort verkefnið er á vegum eins fyrirtækis, fleiri fyrirtækja en eins sem skipta fjárfestingarkostnaðinum eða fleiri fyrirtækja en eins sem bera kostnaðinn af mismunandi fjárfestingum í sama fjárfestingarverkefni (til dæmis þegar um er að ræða sameiginlegt fyrirtæki“ ⁽⁵⁸⁾). Því lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hvers konar aðgreining með tilliti til samningsaðila skipti engu máli við ákvörðun á því hvort fjárfestingarverkefni sé ódeilanleg.
- 159) Íslensk stjórnvöld vísa enn fremur til þess að nýtt eigið fé hafi verið flutt til VRE II í árslok 2011 og telja að það hafi haft í för með sér kerfislæga breytingu á upphaflega fjárfestingarverkefninu. Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum er VRE II nýtt fyrirtæki sem komið var á fót 2011 til að hafa ávinning af kerfinu, eftir að þátttöku Verne í kerfinu var lokið. Með fyrirvara um hvers konar hugsanlega ákvörðun af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja sérstaka rannsókn á fyrrnefndu eiginfjárframlagi telur stofnunin að þetta framlag eigi að standa undir aðstoðarhæfum viðbótarkostnaði við viðkomandi verkefni. Samt sem áður leggur stofnunin áherslu á að í samræmi við leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð frá 2007 verður að fastsetja aðstoðarhæfan kostnað við ákveðna fjárhæð áður en hafist er handa við verkefnið. Um leið og verkefninu er hleypt af stokkunum er ekki hægt að hækka þennan aðstoðarhæfa kostnað og aðstoðarfjárhæðina að vild þar eð hvatningaráhrif slíkrar aðstoðar er metin á þeim tíma þegar aðstoðin er veitt.
- 160) Enn fremur telja íslensk stjórnvöld að fjárfestingarsamningurinn við Verne kveði á um tiltekna skuldbindingar sem ekki voru hluti af fyrri samningi. Í þessu tilliti telur Eftirlitsstofnun EFTA að lögboðnar skuldbindingar á borð við takmarkanir á eftirliti með fjármagni, iðnaðargjöld, gatnagerðargjöld o.s.frv. og eða viðbótarskuldbindingar hvað varðar framsal hlutabréfa, séu stjórnsýslulegar breytingar sem breyti ekki eðli upphaflega verkefnisins samkvæmt fyrri samningi.

⁽⁵⁵⁾ Sbr. 49. mgr.

⁽⁵⁶⁾ Sbr. 47. nmg.

⁽⁵⁷⁾ Sjá bréf frá íslenskum stjórnvöldum, dagsettu 8.7.2013, bls. 15.

⁽⁵⁸⁾ Sama og áður er getið.

- 161) Enn fremur skiptir það engu máli við mat á fjárfestingareiginleikum verkefnisins hvort ríkisaðstoðin skilar mismunandi ávinningi eða ekki. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að í fjárfestingarsamningnum við Verne sé kveðið á um ólíka skilmála að því er varðar tekjuskattinn sem félagið þarf að greiða eða gildistíma samningsins. Hins vegar, eins og íslensk stjórnvöld hafa staðfest, þá var það gert í samræmi við skilmála kerfisins. Þetta breytir því hvorki fjárfestingareiginleikum verkefnisins né færir sönnur á að um sé að ræða nýtt óskytt verkefni.
- 162) Í ljósi framansagðs telur Eftirlitsstofnun EFTA að fjárfestingarsamningurinn við Verne feli í sér viðbótarfjárfestingu vegna vinnu sem þegar var hafist handa við 26. febrúar 2008 með kaupum á byggingum.
- 163) Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar frekari upplýsingar, hvorki frá íslenskum stjórnvöldum né Verne, sem renna stoðum undir þá staðhæfingu þeirra að um sé að ræða nýtt fjárfestingarverkefni. Sér í lagi þá hafa samningsaðilarnir ekki veitt neinar þær upplýsingar sem gætu sannfært Eftirlitsstofnun EFTA um að hægt væri að sundurgreina starfsemi Verne á grundvelli tæknilegra, starfrænna eða rekstrarlegra eiginleika.
- 164) Eins og fram kemur hér að ofan útilokaði kerfið, eins og það var samþykkt, hvers konar veitingu aðstoðar ef hafist var handa við kerfið áður en félag gerði samning við íslensk stjórnvöld samkvæmt kerfinu. Enn fremur staðfestu íslensk stjórnvöld að kerfið myndi útiloka veitingu aðstoðar til verkefna sem hleypt var af stokkunum áður en endanlegur texti kerfisins var birtur. Því álitur Eftirlitsstofnun EFTA að hvers konar aðstoð sem veitt var til Verne gæti aðeins hafa fullnægt hvatningarviðmiðinu sem sett er fram í kerfinu í ljósi breytinganna sem innleiddar voru með viðbótarreglugerðinni ⁽⁵⁹⁾.
- 165) Hins vegar í ljósi staðhæfingar íslenskra stjórnvalda um að Verne-verkefnið falli ekki undir breytingarnar á reglugerðinni um ívilnanir sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni verður að líta svo á að fjárfestingarsamningurinn við Verne falli utan gildissviðs kerfisins, eins og það var samþykkt, þar eð hafist var handa við verkefnið löngu áður en endanlegur texti kerfisins var birtur. Í samræmi við það mun Eftirlitsstofnun EFTA meta samrýmanleika fjárfestingarsamningsins við Verne sem nýja sérákveðna aðstoðarráðstöfun.

5.1.2 Stór fjárfestingarverkefni – þörf á ítarlegri greiningu

- 166) Samkvæmt 3. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna og 49. mgr. leiðbeinanda reglna um byggðaaðstoð frá 2007 er stórt fjárfestingarverkefni stofnfjárfesting þar sem styrkhæf útgjöld fara yfir 50 milljónir evrur. Eins og fram kemur í formála fjárfestingarsamningsins við Verne áætla Verne og fjárfestarnir að hugsanleg fjárfesting í verkefninu gæti orðið umfram 675 milljónir Bandaríkjadala. Eins og fram kemur hér að ofan í tengslum við Becromal-verkefnið geta leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna eingöngu átt við stór fjárfestingarverkefni. Íslensk stjórnvöld hafa ekki látið Eftirlitsstofnun EFTA í té neinar upplýsingar um aðstoðarhlutfall eða aðstoðarhæfan kostnað í tengslum við Verne-verkefnið. Né heldur hafa þau látið í té upplýsingar um skilyrði fyrir ítarlegri sannpröfunarskyldu sem sett er fram í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna og sem staflidir a) og b) í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 vísa til (þ.e. aðstoðarþeginn hefur með höndum meira en 25% af sölu á viðkomandi vörum á viðkomandi markaði og framleiðslugeta, sem byggð er upp með verkefninu, nemur meira en 5% af stærð markaðarins fyrir viðkomandi vöru). Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA er ekkert sem bendir til þess að Verne-verkefnið fari yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 57. mgr. leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007.
- 167) Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að ítarlega greiningin sem kveðið er á um í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmið fyrir ítarlegu mati á byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna eigi ekki við um fjárfestingarsamninginn við Verne.

⁽⁵⁹⁾ Sjá einnig 131.-134. mgr. í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

5.1.3 Hvatningaráhrif

- 168) Eins og fram kemur í 153. mgr. hafði þegar verið hafist handa við verkefnið í febrúar 2008 þegar Verne keypti fimm byggingar af íslenska ríkinu. Í kjölfarið gerði Verne, árin 2008 og 2009, lagfæringar á tveimur stórum birgðaskemmum (byggingum 868 og 869) sem voru hluti af fjölmörgum byggingum á svæðinu eins og það var upphaflega ráðgerð⁽⁶⁰⁾. Þar eð kaup á þessum byggingum og endurnýjun þeirra (sem tengdist beint byggingu gagnavers Verne) teljast vera stofnfjárfesting þá telst verkefninu hafa verið hleypt af stokkunum sama dag og kaupin á þeim fóru fram⁽⁶¹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar upplýsingar sem gera henni kleift að styðja þann möguleika að íslensk stjórnvöld hafi skuldbundið sig til þess að veita aðstoð til verkefnisins áður en hafist var handa við það. Reyndar hafa íslensk stjórnvöld aftur á móti nú staðfest að þau hafi ekki gert neitt samkomulag við Verne um að veita ívilnanir áður en fjárfestingarsamningurinn við Verne var gerður 27. september 2011. Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum var fjárfestingarsamningurinn 2009 aðeins áritaður en ekki undirritaður og hafði því engin réttaráhrif. Ástæða þess að fjárfestingarsamningurinn við Verne vísar ekki til neinna fyrri samninga samkvæmt íslenskum stjórnvöldum er sú að það hafði enginn fjárfestingarsamningur við Verne verið undirritaður áður.
- 169) Í 131. til 134. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að fjárfestingarsamningurinn við Verne fullnægði skilyrðinu um hvatningaráhrif sem um getur í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007. Íslensk stjórnvöld héldu því fram í svari sínu við ákvörðuninni um að hefja rannsókn að hefði fjárfestingarsamningurinn ekki verið gerður hefði verið hætt við verkefnið vegna fjármálakreppunnar⁽⁶²⁾. Að auki telja þau að Eftirlitsstofnun EFTA ætti að fylgja nálgun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í mörgum ákvörðunum hennar um að hreyfa ekki andmælum við ívilnunum sem veittar eru fjármálastofnunum þar sem fyrirframskilyrði eru ekki sett um hvatningaráhrif vegna samrýmanleika.
- 170) Eftirlitsstofnun getur ekki fallist á þessa röksemdafærslu. Ákvarðanatáka framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við fjármálakreppuna varðaði eingöngu aðstoð sem fjármálageirinn fékk þar sem aðallega var stuðst við staflið b) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (sem samsvarar staflið b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins) sem réttargrundvöll. Í slíkum tilvikum var aðstoð veitt til að ráða bóta á alvarlegri röskun sem hafði áhrif á allt efnahagslíf aðildarríkis. Almenni dómstóllinn hefur ítrekað lýst því yfir að takmarka beri beitingu þessa ákvæðis⁽⁶³⁾. Eftirlitsstofnun EFTA telur að ekki sé hægt að jafna saman ríkisaðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem byggðaaðstoð á grundvelli leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð frá 2007 sem miðar að uppbyggingu sérstaklega tilgreindra landsvæða og þar sem hvatningaráhrif eru helstu viðmið um samrýmanleika. Þar af leiðandi getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki fylgt nálgun framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar ríkisaðstoð sem veitt er fjármálastofnunum vegna fjármálakreppunnar.
- 171) Enn fremur veittu íslensk stjórnvöld ekki neinar upplýsingar sem réttlættu að þörf væri á aðstoð til að ljúka við verkefnið. Ef ekki hefði verið hægt að ljúka við verkefnið án aðstoðar, eins og íslensk stjórnvöld halda fram, hefðu þau átt að leggja fram upplýsingar og greiningu sem gerðu Eftirlitsstofnun EFTA kleift að ganga úr skugga um það. Þessi greining hefði m.a. átt að ná yfir arðsemisútreikninga fyrir verkefnið, með eða án aðstoðar, næmisgreiningu og nákvæma greinargerð á því hvernig fjármálakreppan hefði haft áhrif á fjárfestingarákvörðunina.
- 172) Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld ekki sýnt fram á að aðstæður væru fyrir hendi (þrátt fyrir að hafist hafi verið handa við verkefnið áður en aðstoð var veitt) sem réttlætt gætu að viðmiðinu um hvatningaráhrif hefði verið fullnægt⁽⁶⁴⁾.

⁽⁶⁰⁾ Samkvæmt upplýsingum sem íslensk stjórnvöld létu í té nam heildarkostnaður við niðurrif, verkfræðivinnu, hönnun, verkefnisstjórnun og aðra undirbúningsvinnu, sem fram fór í október 2008, 8,1 milljón bandaríkjadala og hækkaði í 10 milljónir bandaríkjadala á tímabilinu frá nóvember 2008 til desemberloka 2009, og náði hann þá einnig yfir lagningu og kaup á raf- og vélbúnaði.

⁽⁶¹⁾ Sjá í þessu tilliti ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 15.9.2010, *Fri-El Acerra Srl*, Stjtið. ESB L 46/28, 19.2.2011, 79. mgr.

⁽⁶²⁾ Einkum staðhæfa íslensk stjórnvöld að: i) fjárfestingarútgjöld Verne hafi lækkað úr 8,5 milljónum bandaríkjadala árið 2009 í 1,54 milljónir árið 2010; ii) gripið hafi verið til tímabundinna uppsagna til að halda fyrirtækinu á floti; iii) fyrirhugaðir fjárfestingaráfangar samkvæmt upphaflega verkefninu úreltust í desember 2009 og kölluðu á verulegar endurbætur; iv) eini nýi utanaðkomandi fjárfestir sem Verne bauðst frá því 2009 var The Wellcome Trust, sem vildi ekki setja nýtt fjármagn í gagnaversverkefnið nema íslensk stjórnvöld myndu skuldbinda sig til að veita aðstoð; og v) ekki væri hægt að treysta á innri fjárfestingar.

⁽⁶³⁾ Mál T-132/96 *Sachsen-VW* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 1999, bls. II-3663, 167. mgr.

⁽⁶⁴⁾ Mál T-394/08 *Regione autonoma della Sardegna o.fl.* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 2011, bls. II-6255, 226. mgr.

- 173) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að skilyrðinu um hvatningaráhrif hafi ekki verið fullnægt að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Verne.
- 174) Þessi niðurstaða ein og sér nægir til að skera úr um að fjárfestingarsamningurinn við Verne sé ósamrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins samkvæmt staflið c) í 3. mgr. 61. gr. og leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.
- 175) Hins vegar ætlar Eftirlitsstofnun EFTA einnig að skoða sérákvæði samningsins, svo ekkert sé skilið undan, og meta hvort þau fullnægi skilyrðunum sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.

5.1.4 Fjárfestingarkostnaður og hámark aðstoðar

- 176) Til að skattaráðstafanir sem veittar voru samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Verne teljist hafa einkenni fjárfestingaraðstoðar:
- verða þær að tengjast framkvæmd sérstaks verkefnis,
 - verða þær að grundvallast á fjárhæðinni sem fjárfest er á því svæði,
 - verður að vera hægt að mægngreina aðstoðina,
 - verður að vera hámark sem sýnt er sem hundraðshluti aðstoðarinnar sem fjárfest er á svæðinu ⁽⁶⁵⁾.
- 177) Heildarfjárfestingarkostnaðurinn í fjárfestingarsamningnum við Verne er fastsettur við 675 milljónir Bandaríkjadala. Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að í samningnum væri ekki að finna skýr tengsl milli fjárfestingarkostnaðarinnar og aðstoðarinnar. Í þessu samhengi hafði aðstoðarhæfur kostnaður ekki verið sérstaklega skilgreindur og ekkert hámark aðstoðar tilgreint. Íslensk stjórnvöld hafa ekki lagt fram neinar upplýsingar til að andmæla þessari bráðabirgðaniðurstöðu. Það að þessa þætti vantar í fjárfestingarsamninginn við Verne brýtur í bága við ákvæðin í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007
- 178) Eins og fram kemur í 44. mgr. greindu íslensk stjórnvöld frá því að Fjárfestingarstofa hafi gert kostnaðar- og ábatagreiningu fyrir hvert verkefni áður en sérhver samningur var gerður og nefndin um ívilnanir metið hvort verkefnið uppfylltu viðmiðin um aðstoðarhæfi sem mælt er fyrir um í lögum nr. 99/2010 og reglugerðinni um ívilnanir.
- 179) Í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 segir: „[b]byggðaaðstoð til fjárfestinga er reiknuð annaðhvort með tilvísun til kostnaðar af fjárfestingu í efnislegum og óefnislegum eignum í tengslum við stofnfjárfestingarverkefnið eða til (áætlaðs) launakostnaðar vegna starfa sem hafa orðið til beinlínis vegna fjárfestingarverkefnisins [...]. Umfang aðstoðarinnar er skilgreint með hliðsjón af hlutfalli af viðmiðunarkostnaði ⁽⁶⁶⁾“.
- 180) Til að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið samrýmanleika aðstoðarráðstöfunar með hliðsjón af leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 verður að reikna nákvæmlega hámark aðstoðar með tilliti til sérstaks, aðstoðarhæfs fjárfestingarkostnaðar. Sú staðreynd að íslensk stjórnvöld hafa komið á fyrirkomulagi til þess að skoða aðstoðarhæfi verkefna samkvæmt kerfinu eftir á skiptir ekki máli fyrir mat Eftirlitsstofnunar EFTA á samrýmanleika þar sem slíkt fyrirkomulag tryggir ekki að aðstoðarhlutfall í vergu styrkigildi sé núvirt og reiknað sem hundraðshluti af núvirtu andvirði aðstoðarhæfs kostnaðar. Það tryggir ekki heldur að aðstoðarhæf útgjöld, sem fjárfestingarsamningurinn við Verne gerði ráð fyrir, tengist fjárfestingarkostnaði vegna efnislegra eigna eins og kveðið er á um í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 ⁽⁶⁷⁾.
- 181) Í ljósi framangreinds kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Verne fullnægi ekki skilyrðunum sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 þar sem i) samningurinn sýnir ekki fram á aðstoðarhæfan kostnað sem fjárfestingin hefði átt að endurspegla; ii) aðstoðin er ekki tilhlýðilega mægngreind; og iii) engin aðferðafræði liggur fyrir hvað varðar aðstoðarhlutfallið í tengslum við verkefnið.

⁽⁶⁵⁾ Sjá hluta II.3.3. í ákvörðun nr. 390/10/COL.

⁽⁶⁶⁾ Sbr. 28. og 33. mgr.

⁽⁶⁷⁾ Sbr. 33. og 39. mgr.

5.1.5 Viðbótaraðstoð ef breytingar eru gerðar á kerfinu

- 182) Í 7. mgr. 23. gr. í fjárfestingarsamningnum við Verne er sett fram skilyrðislaus skuldbinding á hendur íslenskra stjórnvalda um að veita aðstoðarþega, sem þegar hefur fengið aðstoð á grundvelli kerfisins, viðbótaraðstoð vegna verkefnis ef frekari breytingar á kerfinu reynast hagstæðari.
- 183) Þetta ákvæði tryggir aðstoðarþega rétt til að þiggja aðstoð umfram upphaflega aðstoð sem veitt var á grundvelli kerfisins eins og Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti það. Þar af leiðandi fellur slík aðstoð utan gildissviðs kerfisins.
- 184) Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að hvers konar aðstoð sem veitt er samkvæmt fyrrnefndu ákvæði ætti að flokkast sem rekstraraðstoð þar sem hún tengist ekki stofnfjárfestingu. Slík rekstraraðstoð er ósamrýmanleg EES-samningnum. Einkum er aðstoðin ekki veitt vegna styrkhæfra útgjalda eða kostnaðar, sem skilgreindur hefur verið fyrirfram, eins og kveðið er á um í 66. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.

5.1.6 Niðurstæða að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Verne

- 185) Á grundvelli þess sem greint er frá hér að framan kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að hvers konar aðstoð sem veitt er á grundvelli fjárfestingarsamningsins við Verne sé ný sérákveðin aðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt staflíð c) í 3. mgr. 61. gr.

5.2 Fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið

5.2.1 Áhrifin af breytingunum í viðbótarreglugerðinni

- 186) Fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið vísar til smíði kísilverksmiðju í Helguvík í Reykjanesbæ í tveimur eða fleiri áföngum.
- 187) Í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var það bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA að fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið vísaði til fyrri samnings sem sömu aðilar gerðu með sér vegna sama verkefnis 29. maí 2009 ⁽⁶⁸⁾. Í formála fjárfestingarsamningsins við Kísilfélagið kemur skýrt fram að þá: „[...] var litið á fjárfestingarsamninginn sem undirritaður var 29. maí 2009 sem undirbúningsskref á átt til yfirlýsingar fjárfestingarsamnings milli aðila“ og að „[þ]essi fjárfestingarsamningur er þess vegna framhaldssamningur við fyrri fjárfestingarsamnings, dags. 29. maí 2009“ ⁽⁶⁹⁾.
- 188) Enn fremur segir í 2. mgr. 2. gr. í samningnum frá 29. maí 2009 að: „[h]eildarfjárfestingarsamningurinn mun ná yfir en ekki takmarkast við ákvæði um fyrningu og afskriftir fastafjármuna og aðra reikningsskilastaðla, undanþágu frá opinberum gjöldum, skatthlutfall og almenna skattálagningu fyrirtækisins, Tomahawk og fjárfestar, inn- og útflutningsgjöld, vörugjöld o.s.frv. Enn fremur kemur fram í 1-lið f-liðar 1. mgr. 1. gr. að „[g]ildistími þessa fjárfestingarsamnings og heildarfjárfestingarsamnings í framhaldinu skal vera 20 ár hið minnsta frá undirritun [...]. Í stað þessa fjárfestingarsamnings kemur heildarfjárfestingarsamningur og fellur hann því úr gildi þegar heildarfjárfestingarsamningurinn verður lagalega bindandi [...]“.
- 189) Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að breytingarnar á kerfinu sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni hafi miðast við fjárfestingarsamninginn við Becromal og að engin önnur verkefni sem hafist hafi verið handa við áður en kerfið öðlaðist gildi hafi fengið ívilnanir samkvæmt kerfinu.
- 190) Þrátt fyrir að Kísilfélagið hafi gert samning við íslensk stjórnvöld áður en kerfið öðlaðist gildi hafði ekki enn verið handa við verkefnið, sem kveðið er á um í samningnum frá 2009, þegar fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið var undirritaður á grundvelli kerfisins. Verkefnið hefði því, enda væri viðmiðinu um hvatningaráhrif fullnægt, átt rétt á ívilnunum samkvæmt kerfinu óháð breytingunum sem innleiddar voru með viðbótarreglugerðinni. Enn fremur hefði Kísilfélagið ekki notið góðs af breytingunum sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni á 8. og 20. gr. reglugerðarinnar um ívilnanir.

⁽⁶⁸⁾ Sjá 118.-130. mgr.

⁽⁶⁹⁾ Hlutar N og O í formála.

191) Í samræmi við það kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að breytingarnar sem innleiddar voru með viðbótarreglugerðinni hefðu ekki haft áhrif á fjárfestingarsamninginn við Kísilfélagið.

5.2.2 *Hvatningaráhrif*

192) Eftirlitsstofnun EFTA bendir á, eins og íslensk stjórnvöld hafa staðfest, að ekki hafi verið enn hafist handa við verkefnið. Að auki er óljóst hvort því verður nokkurn tíma hleypt af stokkunum. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki vitneskju um að smíði hafi hafist í tengslum við Kísilfélagsverkefnið eða að ákveðnar skuldbindingar gerðar um að panta búnað. Því var engin aðstoð veitt aðstoðarþega áður en hafist var handa við verkefnið.

193) Því kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að skilyrðinu um hvatningaráhrif samkvæmt kerfinu sé fullnægt að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Kísilfélagið.

5.2.3 *Fjárfestingarkostnaður og aðstoðarhámark*

194) Þrátt fyrir að fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið fullnægi skilyrði kerfisins um hvatningaráhrif fallast íslensk stjórnvöld á þá bráðabirgðaniðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA um að fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið feli í sér ívilnanir umfram þær sem falla undir gildissvið kerfisins eins og það var samþykkt ⁽⁷⁰⁾.

195) Samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Kísilfélagið er áformað að reisa ksilverksmiðju í tveimur eða fleiri áföngum á þriggja ára tímabili. Í samningnum er ekki kveðið á um upphafsdag eða lokadag fyrir smíði verksmiðjunnar né heldur er kveðið á um neinar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru þess að af því megi verða. Enn fremur vísar samningurinn ekki til neins styrkhæfs kostnaðar né heldur til aðstoðarhlutfalla eða aðstoðarhámarks. Með því að beita að breyttu breytanda röksemdafærslunni, sem sett er fram í 176. til 181. gr. hér að ofan, með tilliti til fjárfestingarsamningsins við Verne, telur Eftirlitsstofnun EFTA að þessi atriði hafi áhrif á samrýmanleikamatið á fjárfestingarsamningnum við Kísilfélagið í heild sinni og í kjölfarið beri að meta þau sem óaðskiljanlegan hluta samningsins.

196) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið fullnægi ekki að öllu leyti skilyrðunum, sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007, þar eð i) samningurinn sýnir ekki fram á aðstoðarhæfan kostnað sem fjárfestingin ætti að endurspegla; ii) aðstoðin er ekki magngreind á fullnægjandi hátt; og engin útreikningsaðferð liggur fyrir að því er varðar aðstoðarhlutfall fyrir verkefnið.

197) Þar af leiðandi verður að telja fjárfestingarsamninginn við Kísilfélagið feli í sér nýja sérákveðna aðstoð sem fellur utan gildissviðs kerfisins eins og það var samþykkt.

5.2.4 *Viðbótaraðstoð ef breytingar eru gerðar á kerfinu*

198) Í 8. mgr. 22. gr. fjárfestingarsamningsins við Kísilfélagið er sett fram skilyrðislaus skuldbinding á hendur íslenskra stjórnvalda um að veita aðstoðarþega, sem þegar hefur fengið aðstoð á grundvelli kerfisins, viðbótaraðstoð vegna verkefnis ef frekari breytingar á kerfinu reynast hagstæðari.

199) Þetta ákvæði tryggir aðstoðarþega rétt til að þiggja aðstoð umfram upphaflega aðstoð sem veitt var á grundvelli kerfisins. Þar af leiðandi fellur slík aðstoð utan gildissviðs kerfisins eins og Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti það. Íslensk stjórnvöld hafa sagst virða þá skoðun stofnunarinnar að beiting kerfisins sé ekki í samræmi við kerfið eins og það var samþykkt. Þau hafa því skuldbundið sig til þess að fella þetta ákvæði brott úr samningnum. Engu að síður tilkynntu íslensk stjórnvöld þessa sérákveðnu aðstoð ekki til Eftirlitsstofnunar EFTA eins og þau hefðu átt að gera samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

200) Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að hvers konar aðstoð sem veitt er samkvæmt fyrnefndu ákvæði ætti að flokkast sem rekstraraðstoð þar sem hún tengist ekki upphaflegri fjárfestingu. Slík rekstraraðstoð er við fyrstu sýn ósamrýmanleg EES-samningnum og

⁽⁷⁰⁾ Eins og fram kemur í 33. til 34. mgr. hér að ofan.

Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar upplýsingar eða rök fyrir því hvers vegna hún ætti engu að síður að vera samrýmanleg. Einkum er aðstoðin ekki veitt vegna styrkhæfra útgjalda eða kostnaðar, sem skilgreindur hefur verið fyrirfram, eins og kveðið er á um í 66. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.

5.2.5 Niðurstaða að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Kísilfélagið

- 201) Á grundvelli framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið fullnægi skilyrðinu um hvatningaráhrif sem sett er fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 og hafi Kísilfélagið því átt rétt á því að fá aðstoð samkvæmt kerfinu.
- 202) Á hinn bóginn kemst Eftirlitsstofnun EFTA einnig að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Kísilfélagið fullnægi ekki skilyrðinu sem sett er fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007, þar að í honum er ekki að finna neina tilvísun til styrkhæfs fjárfestingarkostnaðar, aðstoðarhlutfalla eða aðstoðarhámarks. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að hvers konar aðstoð sem veitt var á grundvelli fjárfestingarsamningsins við Kísilfélagið feli í sér ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.3 Fjárfestingarsamningurinn við Thorsil

5.3.1 Sérákveðin aðstoðarráðstöfun

- 203) Samkvæmt þeim upplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum tengist fjárfestingarsamningurinn við Thorsil ekki neinum fyrri fjárfestingarsamningi.
- 204) Samt sem áður lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir í ákvörðuninni um að hefja rannsókn um að í 3. mgr. 15. gr. fjárfestingarsamningsins við Thorsil væri kveðið á um aðstoð sem veitt væri utan gildissviðs kerfisins eins og það var samþykkt ⁽⁷¹⁾.
- 205) Eins og bent er á í 33. til 34. mgr. fallast íslensk stjórnvöld á þá bráðabirgðaniðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að samningurinn kveði á um ívilnanir umfram þær sem kerfið heimilaði.
- 206) Hvað sem öðru líður getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki útilokað möguleikann á því að aðstoð hafi verið veitt utan samþykks kerfis þar eð samningurinn hafði þegar öðlast gildi. Stofnunin mun því meta umframívilnanir þær sem um getur í 3. mgr. 15. gr. fjárfestingarsamningsins við Thorsil sem svo að í þeim felist sérákveðin aðstoð.

5.3.2 Hvatningaráhrif

- 207) Fjárfestingarsamningurinn við Thorsil var undirritaður 30. desember 2010. Hann varðar kísilmálverksmiðju sem fyrirhugað var að reisa í sveitarfélaginu Ölfusi, með u.þ.b. 50 000 smálesta framleiðslugetu á ári.
- 208) Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum var áformað að verksmiðjan tæki til starfa í október 2014. Hins vegar hefur ekki enn verið hafist handa við smíði verksmiðjunnar og óljóst er hvort verkefnið verði að veruleika. Því er ljóst að ekki var veitt nein aðstoð til aðstoðarþega sem hefði þegar hafist handa við verkefnið. Því kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að skilyrðinu um hvatningaráhrif sé fullnægt að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Thorsil.

5.3.3 Fjárfestingarkostnaður og aðstoðarhámark

- 209) Samkvæmt fjárfestingarsamningnum við Thorsil var gert ráð fyrir að reisa kísilmálverksmiðju í sveitarfélaginu Ölfusi sem átti að hefja framleiðslu 1. október 2014. Í samningnum er ekki kveðið á um upphafsdag eða lokadag fyrir smíði verksmiðjunnar né heldur er kveðið á um neinar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru þess að af því megi verða. Enn fremur er engin tilvísun í samningnum til styrkhæfs kostnaðar eða til aðstoðarhlutfalla eða aðstoðarhámarks.

⁽⁷¹⁾ Hluti 4.3.5.

- 210) Með því að beita að breyttu breytanda röksemdafærslunni sem sett er fram í 176. til 181. gr. hér að ofan, með tilliti til fjárfestingarsamningsins við Verne, telur Eftirlitsstofnun EFTA að þessi atriði hafi áhrif á samrýmanleikamatið á fjárfestingarsamningnum við Thorsil í heild sinni og í kjölfarið beri að meta þau sem óaðskiljanlegan hluta samningsins.
- 211) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Thorsil fullnægi ekki að öllu leyti skilyrðunum, sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007, þar eð i) samningurinn sýnir ekki fram á aðstoðarhæfan kostnað sem fjárfestingin ætti að endurspegla; ii) aðstoðin er ekki magngreind á fullnægjandi hátt; og iii) engin útreikningsaðferð liggur fyrir að því er varðar aðstoðarlutfall fyrir verkefnið.
- 212) Þar af leiðandi verður að telja að fjárfestingarsamninginn við Thorsil feli í sér nýja sérákveðna aðstoð sem fellur utan gildissviðs kerfisins eins og það var samþykkt.

5.3.4 Möguleikinn á því að framlengja tímabilið fyrir skattundanhágur

- 213) Í 3. mgr. 15. gr. í fjárfestingarsamningnum við Thorsil er kveðið á um hugsanlega framlengingu á aðstoðartímabilinu umfram hámarkstímabilið sem kveðið er á um í kerfinu eins og það var samþykkt. Eftirlitsstofnun EFTA var ekki tilkynnt um þessa sérákveðnu ráðstöfun um frekari ívilnun eins og hefði átt að gera samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta í bókun 3.
- 214) Hugsanleg framlenging á aðstoðartímabilinu tengist ekki upphaflegri fjárfestingu heldur lækkar þann kostnað sem Thorsil hefði að öllu jöfnu þurft að standa undir við daglegan rekstur starfseminnar. Hún felur því í sér rekstraraðstoð. Við fyrstu sýn er slík rekstraraðstoð ósamrýmanleg EES-samningnum og Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar upplýsingar eða rökstuðningur fyrir því að hún kunni samt sem áður að samrýmast honum. Einkum má nefna að ráðstafanirnar eru ekki gerðar miðað við fyrirframskilgreind aðstoðarhæf útgjöld eða kostnað eins og sett er fram í 66. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.

5.3.5 Niðurstaða að því er varðar fjárfestingarsamninginn við Thorsil

- 215) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Thorsil fullnægi skilyrðinu um hvatningaráhrif sem sett er fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 og að Thorsil hafi því átt rétt á aðstoð samkvæmt kerfinu.
- 216) Eftirlitsstofnun EFTA kemst enn fremur að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Thorsil fullnægi ekki skilyrðunum sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 þar eð hann hafi ekki að geyma tilvísun til aðstoðarhæfs fjárfestingarkostnaðar eða heildarfjárfestingarkostnaðar né heldur til aðstoðarlutfalla eða hámarksaðstoðar. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að hverskonar aðstoð sem veitt var á grundvelli fjárfestingarsamningsins við Thorsil feli í sér ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.4 Fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnsluna

5.4.1 Sérákveðin ráðstöfun

- 217) Fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnsluna tengist ekki neinum fyrri fjárfestingarsamningum samkvæmt þeim upplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum.
- 218) Engu að síður lét stofnunin í ljós efasemdir um það í ákvörðuninni um að hefja rannsókn hvort 7. mgr. 22. gr. fjárfestingarsamningsins við GMR Endurvinnsluna mælti fyrir um aðstoð sem veitt væri utan ramma samþykks kerfis ⁽⁷²⁾.
- 219) Eins og bent er á í 33. og 34. mgr. hafa íslensk stjórnvöld fallist á bráðabirgðaniðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA um að samningurinn kveði á um frekari ívilnanir en þær sem heimilaðar væru samkvæmt kerfinu.
- 220) Þar sem samningurinn hefur þegar öðlast gildi getur Eftirlitsstofnun EFTA, hvað sem öðru líður, ekki útilokað þann möguleika að aðstoð hafi verið veitt utan ramma samþykks kerfis. Því telur stofnunin að umframívilnanirnar sem kveðið er á um í 7. mgr. 22. gr. feli í sér sérákveðna aðstoð.

⁽⁷²⁾ Sjá hluta 4.3.6 í ákvörðuninni um að hefja rannsókn.

5.4.2 *Hvatningaráhrif*

- 221) Hinn 7. maí 2012 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og GMR Endurvinnslunnar um veitingu skattundanhagna vegna smíði endurvinnslustöðvar á Grundartanga í sveitarfélaginu Hvalfjarðarsveit. Í samningnum segir að GMR stefni að því að hefja framleiðslu í árslok 2012 og hefja fulla starfsemi stöðvarinnar á árinu 2014.
- 222) Eins og íslensk stjórnvöld hafa staðfest var engin aðstoð veitt til aðstoðarþega áður en hafist var handa við verkefnið.
- 223) Þar af leiðandi kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að skilyrðinu um hvatningaráhrif hafi verið fullnægt að því er varðar fjárfestingarsamninginn við GMR Endurvinnsluna.
- 224) Eftirlitsstofnun EFTA verður engu að síður að ganga úr skugga um að tiltekin atriði í samningnum fullnægi viðmiðunum sem settar eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.

5.4.3 *Fjárfestingarkostnaður og aðstoðarhámark*

- 225) Í samningnum er ekki að finna tilvísun í aðstoðarháfan fjárfestingarkostnað né heldur er kveðið á um aðstoðarhlutföll eða hámarksaðstoð.
- 226) Með því að beita að breyttu breytanda röksemdafærslunni, sem sett er fram í 176. til 181. gr. hér að framan, með tilliti til fjárfestingarsamningsins við Verne telur Eftirlitsstofnun EFTA að þessi atriði hafi áhrif á matið á fjárfestingarsamningnum við GMR Endurvinnsluna í heild og því þurfi að meta þau sem óaðskiljanlega hluta samningsins.
- 227) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnsluna fullnægi ekki að öllu leyti skilyrðunum, sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007, þar eð i) samningurinn sýnir ekki fram á aðstoðarháfan kostnaði, sem fjárfestingin hefði átt að endurspegla; ii) aðstoðin er ekki magngreind á fullnægjandi hátt; og iii) engin útreikningsaðferð liggur fyrir að því er varðar aðstoðarhlutfall vegna verkefnisins.
- 228) Þar af leiðandi verður að telja að fjárfestingarsamninginn við GMR Endurvinnsluna feli í sér nýja sérákveðna aðstoð sem fellur utan gildissviðs kerfisins eins og það var samþykkt.

5.4.4 *Viðbótaraðstoð ef breytingar eru gerðar á kerfinu*

- 229) Í 7. mgr. 22. gr. fjárfestingarsamningsins við GMR Endurvinnsluna er að finna samskonar ákvæði og sett er fram í fjárfestingarsamningnum við Kísilfélagið (sjá 198. til 200. mgr.) að því er varðar skilyrðislausan rétt til að fara fram á aukna aðstoð ef kerfið er stækkað.
- 230) Eins og fram kemur í 199. mgr. tryggir þetta ákvæði aðstoðarþega rétt til að þiggja aðstoð umfram upphaflega aðstoð sem veitt var á grundvelli kerfisins. Þar af leiðandi fellur slík aðstoð utan gildissviðs kerfisins. Íslensk stjórnvöld hafa sagst virða þá skoðun stofnunarinnar að beiting kerfisins sé ekki í samræmi við kerfið eins og það var samþykkt. Þau hafa því skuldbundið sig til þess að fella þetta ákvæði brott úr samningnum. Engu að síður tilkynntu íslensk stjórnvöld þessa sérákveðnu aðstoð ekki til Eftirlitsstofnunar EFTA eins og þau hefðu átt að gera samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.
- 231) Eftirlitsstofnun EFTA telur að flokka beri hvers konar aðstoð, sem veitt er samkvæmt fyrrnefndu ákvæði, sem rekstraraðstoð þar sem hún tengist ekki upphaflegri fjárfestingu. Við fyrstu sýn er slík rekstraraðstoð ósamrýmanleg EES-samningnum og Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist neinar upplýsingar eða rökstuðningur fyrir því að hún kunnir samt sem áður að samrýmast honum. Einkum má nefna að ráðstafanirnar eru ekki gerðar miðað við fyrirframskilgreind aðstoðarhæf útgjöld eða kostnað eins og sett er fram í 66. mgr. í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.

5.4.5 Niðurstaða að því er varðar fjárfestingarsamninginn við GMR Endurvinnsluna

- 232) Í ljósi framansagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnsluna fullnægi skilyrðinu um hvatningaráhrif sem sett er fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 og að GMR Endurvinnslan hafi því átt rétt á aðstoð samkvæmt kerfinu.
- 233) Eftirlitsstofnun EFTA kemst enn fremur að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við GMR Endurvinnsluna fullnægi ekki skilyrðunum sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 þar eð hann hafi hvorki að geyma tilvísun til aðstoðarhæfs fjárfestingarkostnaðar né heldur til aðstoðarhlutfalla og hámarksaðstoðar. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að hvers konar aðstoð sem veitt var á grundvelli fjárfestingarsamningsins við GMR Endurvinnsluna feli í sér ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5.5 Niðurstaða

- 234) Á grundvelli þess sem greint er frá hér að framan kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að fjárfestingarsamningurinn við Verne hafi í heild verið gerður utan ramma ákvæða kerfisins eins og Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti það og feli því í sér sérákveðna aðstoð. Matíð leiddi í ljós að ákvæði fjárfestingarsamningsins við Verne kvað á um aðstoð sem er ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt staflíð c) í 3. mgr. 61. gr.
- 235) Eftirlitsstofnun EFTA kemst enn fremur að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að verkefnið í tengslum við Thorsil, Kísilfélagið og GMR Endurvinnsluna fullnægi viðmiðununum um hvatningaráhrif til að koma til greina samkvæmt kerfinu, þá fullnægi samningarnir, sem einnig eru metnir sem sérákveðnar ráðstafanir, hver um sig ekki skilyrðunum sem sett eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007 þar eð þeir hafi hvorki að geyma tilvísun til aðstoðarhæfs fjárfestingarkostnaðar né heldur til aðstoðarhlutfalla eða hámarksaðstoðar sem þessi kostnaður ætti að samsvara. Þessir samningar hafa einnig að geyma ákveðin viðbótarákvæði sem kveða á um aðstoð sem átti að veita utan ramma samþykks kerfis. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að þessir samningar í heild sinni feli í sér ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

6. Kröfur um málsmeðferð

- 236) Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól: „Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. [...] Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.
- 237) Stjórnvöld á Íslandi tilkynntu ekki breytingarnar á kerfinu sem gerðar voru með viðbótarreglugerðinni og heimiluðu að aðstoð yrði veitt til verkefna sem hafist hefði verið handa við áður en kerfið öðlaðist gildi. Enn fremur tilkynntu íslensk stjórnvöld fjárfestingarsamningana við Verne, Thorsil, Kísilfélagið og GMR Endurvinnsluna ekki til Eftirlitsstofnunar EFTA þar eð þau töldu að þessir fjárfestingarsamningar féllu undir kerfið. Hins vegar, að teknu tilliti til niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA í 235. mgr. um að þessir fjárfestingarsamningar í heild sinni falli utan gildissviðs kerfisins, eins og það var samþykkt, hefði átt að tilkynna þessa samninga til Eftirlitsstofnunar EFTA svo hægt hefði verið að meta þá sem sérákveðnar ráðstafanir.
- 238) Þar sem breytingarnar á kerfinu hafa í för með sér ríkisaðstoð sem er aðskiljanleg kerfinu og fjárfestingarsamningarnir við Verne, Thorsil, Kísilfélagið og GMR Endurvinnsluna hafa í för með sér ríkisaðstoð sem fellur utan gildissviðs kerfisins, eins og það var samþykkt, hefði að meginreglu til átt að tilkynna þær sérstaklega samkvæmt kröfum um einstaka tilkynningu sem settar eru fram í leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð frá 2007.
- 239) Því kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld hafi ekki virt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

7. Lögmætar væntingar og réttarvissa

- 240) Aðstoðarþegar geta skírskotað til grundvallarmeginreglna laga um lögmætar væntingar og réttarvissu til þess að vefengja fyrirmæli um endurheimt ríkisaðstoðar sem var veitt á ólögmætan hátt. Meginreglurnar gilda þó aðeins í undantekningartilvikum og fyrirtæki getur alla jafna ekki haft lögmætar væntingar um að aðstoð sé lögmæt nema hún hafi verið veitt í samræmi við þá málsmeðferð að tilkynna aðstoð til Eftirlitsstofnunar EFTA (eða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eftir því sem við á) ⁽⁷³⁾. Dómstóllinn hefur ítrekað þessa meginreglu á eftirfarandi hátt: „Við aðstæður á borð við þær, sem voru við aðalmálflutninginn, er ekki heldur unnt að staðfesta tilvist undantekningartilviks með hliðsjón af meginreglunni um réttarvissu, þar sem Dómstóllinn hefur þegar úrskurðað, í grundvallaratriðum, að svo fremi sem framkvæmdastjórnin hafi ekki tekið ákvörðun um að fallast á aðstoð, ... getur viðtakandi ekki verið viss um lögmæti aðstoðarinnar, með þeim afleiðingum að hvorki er hægt að reiða sig á meginregluna um verndun lögmætra væntinga né meginregluna um réttarvissu“ ⁽⁷⁴⁾.
- 241) Dómstóllinn hefur lýst því yfir að að meginreglu til sé ekki unnt að skírskota til lögmætra væntinga um að aðstoð sé lögmæt nema sú aðstoð hafi verið veitt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3 ⁽⁷⁵⁾, og þar er bent á að vandvirkur kaupþýslumaður ætti alla jafna að geta skorið úr um hvort þeirri málsmeðferð hafi verið fylgt ⁽⁷⁶⁾.
- 242) Viðtakandi aðstoðar, sem var veitt á ólögmætan hátt af því að hún var ekki tilkynnt, getur eingöngu í undantekningartilvikum reitt sig á lögmætar væntingar um að aðstoðin hafi verið lögmæt til að andmæla endurgreiðslu hennar ⁽⁷⁷⁾. Dómstóllinn hefur úrskurðað að fyrirtæki geti reitt sig á meginregluna um verndun lögmætra væntinga ef Bandalagsyfirvald hefur vakið hjá því ákveðnar réttmætar væntingar ⁽⁷⁸⁾.
- 243) Samkvæmt stjórnvöldum á Íslandi gáfu embættismenn Eftirlitsstofnunar EFTA „grænt ljós“ á það á fundi í Brussel 27. maí 2011 að íslensk stjórnvöld og Verne gerðu með sér endurskoðaðan samning sem gerði Verne kleift að njóta ávinnings af kerfinu. Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld fallist á að þetta fyrirsvar stofnunarinnar, eða einstakra embættismanna, gefi ekki tilefni til málshöfðunar samkvæmt dómaframkvæmd dómstóla Evrópusambandsins hafa þau farið fram á við hana að hún taki tilhlýðilegt tillit til þess sem átti sér stað á fyrrnefndum fundi og í samræmi við það komast að þeirri niðurstöðu að ákveðið hefði verið að fjárfestingarsamningurinn við Verne samrýmdu kerfinu.
- 244) Eftirlitsstofnun EFTA er sammála stjórnvöldum á Íslandi að ekki sé hægt að treysta á yfirlýsingar frá embættismanni stofnunarinnar á óformlegum fundi sem rök fyrir samrýmanleika aðstoðar og að þær geti ekki skapað lögmætar væntingar hjá aðstoðarþegum. Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskiptar valdheimildir til þess að meta það hvort ríkisaðstoð samrýmist EES-samningnum. Þar til Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið endanlega ákvörðun um tiltekna ráðstöfun hefur ekki verið ákveðið að viðkomandi ráðstöfun samrýmist reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur fram til þessa ekki tekið neina ákvörðun um að samþykkja byggðaaðstoð til Verne.
- 245) Enn fremur vísar Eftirlitsstofnun EFTA á bug þeirri staðhæfingu stjórnvalda á Íslandi að hún hafi gefið „grænt ljós“ á það að Verne fengi byggðaaðstoð samkvæmt kerfinu eins og það var samþykkt. Í bréfaskiptum sínum við íslensk stjórnvöld hefur Eftirlitsstofnun EFTA aldrei gefið til kynna að Verne-verkefnið gæti átt rétt á því að fá byggðaaðstoð. Þvert á móti hefur stofnunin frá því 2010, þegar umræður um Verne-verkefnið fóru fram áður en að tilkynningu kom, látið

⁽⁷³⁾ Mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn Þýskalandi*, dómasafn 1990, bls. I-3437, 14. mgr.; mál C-169/95 *Framkvæmdastjórn gegn Spáni*, dómasafn 1997, bls. I-135, 51. mgr. og mál C-24/95 *Land Rheinland-Pfalz gegn Alcan Deutschland GmbH*, dómasafn 1997, bls. I-1591, 25. mgr.

⁽⁷⁴⁾ Mál C1-09 *Centre d'Exportation du Livre Français (CELF), Ministre de la Culture et de la Communication gegn Société Internationale de Diffusion et d'Édition*, dómasafn 2010, bls. I-2099, 53. mgr. Sjá einnig mál C-91/01 *Italia gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2004, bls. I-4355, 66. og 67. mgr.

⁽⁷⁵⁾ Mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn Þýskalandi*, dómasafn 1990, bls. I-3437, 14. mgr., sameinuð mál C-183/02 P og C-187/02 P *Demosa og Territorio Histórico de Álava gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2004, bls. I-10609, 51. mgr.

⁽⁷⁶⁾ Mál C-5/89 *Framkvæmdastjórn gegn Þýskalandi*, dómasafn 1990, bls. I-3437, 14. mgr., mál C-169/95 *Spánn gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1997, bls. I-135, 51. mgr.

⁽⁷⁷⁾ Sameinuð mál C-183/02 P og C-187/02 P *Demosa og Territorio Histórico de Álava gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2004, bls. I-10609, 51. mgr.

⁽⁷⁸⁾ Mál T-290/97 *Mehibas Dordstelaan gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2000, bls. II-15 og mál C-182/03 og C-217/03, *Belgia og Forum 187 ASBL gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2006, I-05479, 147. mgr.

í ljós efasemdir um að skilyrðinu um hvatningaráhrif væri fullnægt. Í bréfi dagsettu 31. mars 2010 lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að stjórnvöld á Íslandi hefðu sýnt fram á raunveruleg hvatningaráhrif af mismunandi skatta- og gjaldaðvildunum sem fyrirhugaðar eru í fjárfestingarsamningnum frá 2009. Eftirlitsstofnun EFTA tók einnig skýrt fram að íslensk stjórnvöld hefðu ekki lagt fram nein gögn sem sýndu að þau hefðu gefið út viljayfirlýsingu um að veita aðstoð áður en hafist var handa við verkefnið og að upplýsingarnar sem þau hefðu lagt fram bentu til þess hafist hefði verið handa við verkefnið nokkru áður en aðstoðarþegi og íslensk stjórnvöld hefðu hafið viðræður um fjárfestingarsamninginn. Eins og bent er á hér að framan í 153. mgr. afturkölluðu íslensk stjórnvöld síðar samninginn frá 2009 og 27. september 2011 gerðu þau annan samning við Verne til þess að verkefnið félli undir kerfið. Eftirlitsstofnun EFTA var ekki tilkynnt um fjárfestingarsamninginn við Verne og þar af leiðandi var ekki búið að lýsa því yfir að hann samrýmdist reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

- 246) Með hliðsjón af því sem að framan greinir getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki fallist á það að rökin um réttarvissu eða lögmætar væntingar gildi í þessu máli einkum þegar horft er til dómaframkvæmdar Dómstólsins og viðtæks gildissviðs 61. gr. EES-samningsins og 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

8. Endurheimt

- 247) Aðstoð sem veitt er án þess að vera tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA telst ólögleg aðstoð í skilningi staflíðar f) í 1. gr. II. hluta bókar 3. Af 14. gr. II. hluta bókar 3 leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA skal ákveða að endurheimta verður ólögmæta aðstoð, sem samrýmist ekki ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins, frá aðstoðarþegum, nema að almennar meginreglur komi í veg fyrir það samkvæmt 14. gr. II. hluta bókar 3. Íslensk stjórnvöld og aðstoðarþegar komu ekki fram með nein rök sem réttlæta að almennt sé vikið frá almennum meginreglum laga.
- 248) Skuldbinding ríkis um að binda enda á ósamrýmanlega aðstoð gegnir því hlutverki að koma aftur á fyrri stöðu ⁽⁷⁹⁾. Viðtakendur missa þann ávinning sem þeir fengu umfram keppinauta sína á markaði með því að endurgreiða aðstoðina og staðan verður aftur hin sama, að því marki sem við verður komið, og hún var áður en aðstoðin var veitt ⁽⁸⁰⁾.
- 249) Endurheimt ríkisaðstoðar sem var veitt með ólögmætum hætti ætti að fela í sér vaxtavexti, í samræmi við 2. mgr. 14. gr. II. hluta bókar 3 og 9. og 11. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 ⁽⁸¹⁾.
